

SVEINN ANDRI SVEINSSON
Stundar heitt jóga sér til ánægju

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HEILSA OG ÚTIVIST
Flúðasiglingar, strandbolti, blokart og golf

Sérblað um heilsu og útivist
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



KRISTJAN ZAKLYNSKY
Tölvu listamanns rænt í miðbænum

Tryggður en fær tjónið ekki bætt
FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júlí 2009 – 171. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Saga heróínufíkils

Heimir Sverrisson gerir heimildarmynd um götustrák sem stofnar meðferðarheimili.

FÓLK 18



Kirkja á fornri þjóðbraut

Reynivallakirkja er 150 ára á árinu.

TÍMAMÓT 14



Leikstýrðu Ballack

Gunnar Páll Ólafsson og Samúel Bjarki Pétursson unnu til hinna virtu Telly-verðlauna á dögnum fyrir Samsung-auglýsingu. Fyrirliði þýska landsliðsins í fótbolta var í aðalhlutverki.

FÓLK 22

Próttarar á skotskónum

Þrír leikir fóru fram í Pepsi-deild karla í fótbolta í gærkvöldi.

ÍPRÓTTIR 17




VEÐRIÐ Í DAG



BJART SUBVESTANLANDS

Í dag verður norðaustan 5-13 m/s, hvassar við suðausturströndina og norðvestantil. Lítilsháttar súld allra austast en víða nokkuð bjart suðvestanlands.

VEÐUR 4



Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðalrestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



ÞÚTTAÐ Í GÓÐA VEÐRINU Golfararnir á þúttvelliinum við dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund gáfu Birgi Leifi Hafþórssyni og Tiger Woods lítið eftir í blíðviðrinu í gær, og eflaust ófár holar í höggi farnar á flötinni. Góða veðrið hefur leikið við íbúa höfuðborgarsvæðisins undanfarna daga, og ekki útlit fyrir að það versni mikið næstu daga.

Stjórnarandstaða efast um álit Seðlabankans

Stjórnarandstaðan vill að hagfræðistofnun Háskólans meti fylgigögn skýrslu Seðlabankans. Þá vill hún fá Davíð Oddsson á fund fjárlaganefndar áður en tekin verður afstaða í Icesave-málinu. Litlar líkur eru á samstöðu á Alþingi.

ALÞINGI Stjórnarandstaðan vill að hagfræðistofnun Háskóla Íslands geri óháða úttekt á fylgigögnum fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands, í skýrslu um Icesave-málið. Þetta kemur fram í sameiginlegri beiðni minnihlutans í fjárlaganefnd um frekari rannsókn, gögn og gesti sem stjórnarandstaðan lagði sameiginlega fram á fundi nefndarinnar í gær.

Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segir fyllstu ástæðu til að hlutlaus aðili skoði álit Seðlabankans og þann talnagrunn sem þar er notaður. Spurður hvort Seðlabankinn sé ekki hlutlaus, segir hann svo vera. En fyllsta ástæða sé til að rýna í allt. Álitíð hafi verið unnið af miklum hraða og þar séu ýmis álitæfni.

Stjórnarandstaðan leggur einnig til að Davíð Oddsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri, og

„Þetta er óskalisti miðað við stöðuna eins og hún var í morgun [í gær] og við óskum eftir að stjórnarmeirihlutinn taki tillit til hans.“

KRISTJÁN ÞÓR JÚLIUSSON
FULLTRÚI SJÁLFTÆÐISFLOKKSINS Í FJÁRLAGANEFND

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrum viðskiptaráðherra, verði boðaðir á fund nefndarinnar til að hægt sé að varpa ljósi á hvort íslensk stjórnvöld hafi skuldbundið sig til greiðslu vegna Icesave-samninganna í kringum bankahrunið.

Þá vill stjórnarandstaðan fá fleiri gesti á sinn fund, meðal annars til að ræða hugmyndir Ragnars Hall og Eiríks Tómassonar. Þá óskar minnihlutinn eftir ýmsum gögnum, bæði innlendum og erlendum. Kristján

segir að til dæmis hafi ekki borist svör frá Seðlabankanum við skriflegum spurningum.

„Þetta er óskalisti miðað við stöðuna eins og hún var í morgun [í gær] og við óskum eftir að stjórnarmeirihlutinn taki tillit til hans,“ segir Kristján. Listinn er tilkominn að ósk formanns nefndarinnar, Guðbjarts Hannessonar, frá því fyrir helgi.

Guðbjartur segir að reynt sé að ná samstöðu um afgreiðslu nefndarinnar og mikilvægt sé að stjórnarandstaðan axli sameiginlega ábyrgð vegna málsins. Hann segir að reynt verði að koma til móts við beiðni stjórnarandstöðunnar að einhverju leyti.

Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að æ minni líkur séu á að samstaða náist um málið á þingi. Því sé það stjórnarinnar að staðfesta frumvarpið, gegn vilja stjórnarandstöðunnar.

- kóp

Tvær hæstaréttarlögmenn: Gagnrýna Ragnar og Eirík

EFNAHAGSMÁL Hæstaréttarlögmennirnir Ása Ólafsdóttir og Ástráður Haraldsson segja kollega sína, Ragnar H. Hall og Eirík Tómasson, reikna á röngum forsendum í gagnrýni sinni á Icesave-samningana. Misskilningur sé að ábyrgðarsjóður innstæðu-trygginga njóti aukins forgangs fram yfir aðrar forgangskröfur í protabú Landsbankans.

Þá sé rangt að vísa í Ábyrgðarsjóð launa máli þeirra til stuðnings. Sá sjóður eignist ekki neina forgangsstöðu umfram launamann.

- kóp / sjá síðu 12

Nýjung með bláberjum



KEA SKYRDRYKKUR - FYRIR HEILBRIGGAN LÍFSSTÍL



Ertu læs á fjármál?

Kannaðu fjármálalæsi þitt á byr.is. Það kostar ekki neitt og tekur ekki nema nokkrar mínútur. Fjármálapróf Byrs var þróað í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík. Það metur fjármálalæsi þitt og er sneisafullt af gagnlegum fróðleik um fjármál að auki. Rannsóknir hafa leitt í ljós að um helmingur Íslendinga vill vita meira um fjármál. **Taktu fjármálaprófið á byr.is.**





parket sprengja

Fáranlegt verð á völdu
parketi í nokkra daga!

1.390 kr.
m²

Vnr. 113556

Plastparket
Eik 7 mm

1.590 kr.
m²

Vnr. 0113563

Plastparket
Kirsuber 8,3 mm

1.590 kr.
m²

Vnr. 113559

Plastparket
Mahogany 8,3 mm

1.490 kr.
m²

Vnr. 0113520

Plastparket
Eik 6 mm

4.990 kr.
m²

Vnr. 0113722

Viðarparket
Steirer eik country

4.490 kr.
m²

Vnr. 0113719

Viðarparket
Eik Nordic

3.990 kr.
m²

Vnr. 0113713

Viðarparket
Hlynur



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,4	127,0
Sterlingspund	208,82	209,84
Evra	179,68	180,68
Dönsk króna	24,126	24,268
Norsk króna	19,924	20,042
Sænsk króna	16,327	16,423
Japanskt jen	1,3358	1,3436

SDR	196,91	198,09
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,262
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tryggingafélögin greiddu 12 milljarða í arð árin 2006 og 2007:

Enginn arður fyrir árið 2008

VÍÐSKIPTI Tryggingafélögin greiddu engan arð út fyrir árið 2008 og aðeins eitt þeirra greiddi út arð fyrir árið 2007. Árið 2006 greiddu félögin út frá 29 til 144 prósentu arð, sem hlutfall af hagnaði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Fjármálaeftirlitinu.

ARÐGREIÐSLUR VÁTRYGGINGAFÉLAGA 2006-2008

	2006	2007	2008
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	7.300 (61%*)	0 (0%)	0 (0%)
Tryggingamiðstöðin hf.	999 (144%)	2.100 (48%)	0 (0%)
Vátryggingafélag Íslands hf.	1.500 (29%)	0 (0%)	0(0%)

Tölur eru í milljónum króna
*Tölur innan sviga sýna arð sem hlutfall af hagnaði

Nokkuð hefur verið rætt um arðgreiðslur tryggingafélaganna, ekki síst þá staðreynd að Tryggingamiðstöðin hf. greiddi út 144 prósentu arð árið 2006. Heimilt er að yfirfæra hagnað frá fyrri árum uppfrjá fólgin kröfur um tilskilið lágmarksgjaldþol og það mun hafa verið gert í því til-

felli. Tryggingamiðstöðin greiddi ein út arð árið 2007, 2,1 milljarð króna, sem nam 48 prósentum af hagnaði. Sjóvá-Almennar greiddu út stærstu einstöku upphæðina, 7,3 milljarða króna árið 2006, eða 61

prósent af hagnaði. Vátryggingafélag Íslands greiddi það ár út 29 prósentu arð, 1,5 milljarða. Arðgreiðslur tryggingafélaganna árið 2006, þegar þau greiddu öll út arð, námu að meðaltali 55 prósentum.



SUNDFERÐIR Árskortin voru ódýrust í Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni í Borgarnesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikill munur á sundkortum: Dýrustu kortin á Akureyri

NEYTENDUR Árskort í sund eru dýrust í Sundlaug Akureyrar af þeim sex sundlaugum sem Neytendasamtökin könnuðu verðið hjá nýverið. Árskortið kostar 29.500 krónur á Akureyri, 69 prósentum meira en þar sem það var ódýrast, í Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni í Borgarnesi.

Verðið á Akureyri hafði hækkað um 2.200 krónur milli ára, en hinar sundlaugarnar voru með óbreytt verð.

Ríkislögreglustjóri styður sameiningu

Ríkislögreglustjóri styður þá hugmynd að sameina efnahagsbrotadeild RLS og sérstaks saksóknara. Einnig hefur hann haft þá skoðun að lögreglustjórar eigi ekki að fara með ákærvald. Það myndi tryggja trúverðuleika enn frekar.

STJÓRNSÝSLA „Til þess að efla enn frekar rannsóknir og saksókn skatta- og efnahagsbrota tel ég eðlilegt sem næsta skref að efnahagsbrotadeild verði færð til sérstaks saksóknara,“ segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri aðspurður um skoðun sína á hugmynd um sameiningu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra (RLS) og sérstaks saksóknara.

Dómsmálaráðherra reifaði þá hugmynd í Fréttablaðinu á laugardag að sameina embætti efnahagsbrotadeildar RLS og sérstaks saksóknara. Við það myndi efnahagsbrotadeild verða aðskilin embætti RLS. Málið yrði tekið til skoðunar í haust, að sögn dómsmálaráðherra. Ólafur Þór Hauksón, sérstakur saksóknari og Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, hafa báðir lýst ánægju með hugmyndina. Helgi sagði að það myndi minnka tortryggni samfélagsins gagnvart rannsóknum efnahagsbrota.

Nú er svo komið, að sögn Haraldur, að bæði fyrrverandi og núverandi starfsmenn efnahagsbrotadeildar RLS eru meginuppstadaðn í embætti sérstaks saksóknara. Þá njóti sérstakur saksóknari annars stuðnings frá ríkislögreglustjóra. Því verði að huga að sameiningu embættanna.

Einnig segist Haraldur hafa bent á nauðsyn þess að efla rannsóknir og saksókn skatta- og efnahagsbrota. Bendir hann á þann tvíverknad sem felst í því að rannsóknir alvarlegra skattalagbrota séu til meðferðar bæði hjá skatt-rannsóknarstjóra ríkisins og



EMBÆTTI RLS Ríkislögreglustjóri hefur haft þá skoðun að lögreglustjórar eigi ekki að fara með ákærvald. Aðgreining lögreglu- og ákærvalds að fullu myndi tryggja enn frekar réttaröryggi og trúverðuleika.

„Ég hef einnig haft þá skoðun að lögreglustjórar eigi ekki að fara með ákærvald og bent á að rétt sé að kanna hvort ekki eigi að aðgreina að fullu lögreglustjórn og ákærvald.“



HARALDUR JOHANNESSEN
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI
efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Þá reifaði Haraldur þá hugmynd

árið 2006 að kannaðir verði kostir og gallar þess fyrirkomulags að færa verkefni skattrannsóknarstjóra ríkisins og efnahagsbrotadeildar til sérstaks embættis. Það myndi fara með málefni skatta- og efnahagsbrota á landsvísi. Segir hann þó stjórnvöld þurfa að kanna hvaða lausn sé heppilegust í þessu sambandi.

„Ég hef einnig haft þá skoðun að lögreglustjórar eigi ekki að fara með ákærvald og bent á að rétt sé að kanna hvort ekki eigi að aðgreina að fullu lögreglustjórn og ákærvald. Það myndi tryggja enn frekar réttaröryggi borgaranna og trúverðuleika lögreglu- og ákærvalds,“ að mati Haraldur.

vidirp@frettabladid.is

Icelandair kynnr nýjung: Áætlunarflug til Brussel 2010

SAMGÖNGUR Flugið verður beint á milli Keflavíkur og Brussel frá og með næsta sumri.

Icelandair ætlar að hefja áætlunarflug til Brussel í byrjun júní á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að flugið verði tvisvar í viku, á mánuðögum og föstudögum.

Samkvæmt tilkynningu frá Icelandair hefur flugið verið í undirbúningi í talsverðan tíma. Aukinn samgangur á milli Íslands og Brussel gefi tilefni og tækifæri til að hefja flug. Gert er ráð fyrir því að almennir ferðamenn verði í meirihluta farþega, bæði þeir sem ferðast til og frá Ísland, eða þeir á leið vestur um haf.

- þeb



SIGNA Ströndin á Signubökkum var opnuð í gær. Fólk gat því notið sólarinnar á grasböllum eða á gerviströndinni, sem og í útisturtum og sundlaug.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumarstemning í París: Signubakkar verða að strönd

FRACKLAND, AP Bökkum árinna Signu í París hefur verið breytt í sandströnd, með tilheyrandi pálmatrjám, sólbáðsstólum, hengirúmum og útisturtum. Uppátækið nefnist Strandir Parísar, og er þetta nú gert í átunda sinn.

Á hverju sumri er stór hluti árbakkans hægra megin, sem venjulega er úr grárri steypu, gerður að stórri strönd. Þangað geta Parísarbúar því farið ef þeir komast ekki úr borginni. Meðal annars er þar að finna sundlaug og lítinn skemmtigarð fyrir börn, sem og vinnusvæði með internettingu og svæði fyrir tónleikahald á kvöldin.

- þeb

Meistaramót í skák: Náði áfanga að stórmeistaratitli

ÍPRÓTTIR Íslenski skákmaðurinn Guðmundur Kjartansson gerði jafntefli við enska stórmeistararn Mark Hebden í Edinborg á sunnudag. Guðmundur og Hebden áttust við í níundu og síðustu umferð skoska meistaramótisins.

Með jafnteflinu náði Guðmundur fyrsta áfanga að stórmeistaratitli. Hann hækkar um 42 skákstígr fyrir frammistöðu sína og vantar þá 20 stig til að verða útnefndur alþjóðlegur meistari.

- þeb

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Í VÆÐRI í dag og næstu daga verður besta væðrið suðvestanlands en það verður öllu þungbúnara og smá væta norðaustan og austanlands. Frá og með morgundeginum kólnar heldur á landinu og verður heldur svalt út vikuna.

Á MORGUN 3-8 m/s en hvassara SA-lands.
FIMMTUDAGUR Norðlægur áttir, 8-13 m/s.

HEIMURINN	°C
Alicante	31°
Bassel	31°
Berlín	24°
Billund	21°
Eindhoven	23°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	31°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	25°
London	18°
Mallorca	32°
New York	24°
Orlando	32°
Ósló	16°
París	30°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerð samanburð



Stillanleg rúm

Nýjar heilsudýnur
Heilsukoddar
Hlíðardýnur og lök
Sængurverasett
Teppasett
Höfuðgaflar
Náttborð
Svefnsófar

*20-50% afsláttur
af völdum vörum*



S-CAPE
WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett

PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið
há Svefn & heilsu



6 mán. vaxtalausar greiðslur



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

KJÖRKASSINN



Ertu hrædd(ur) við svínafleusuna?

Já	37,8%
Nei	62,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga líffeyrissjóðirnir að hlaupa undir bagga með Landsvirkjun við fjármögnun?

Segðu þína skoðun á vísir.is.



Æðsti leiðtogi landsins varar stjórnarandstöðuina við mótstöðu:

Áframhaldandi spenna í Íran

ÍRAN, AP Æðsti leiðtogi Írans, Ayatollah Ali Khamenei, varaði stjórnarandstöðu landsins í gær við því að halda áfram mótstöðu sinni. Viðvörðunin kom í kjölfar þess að fyrrverandi forseti Írans, Mohammad Khatami, kallaði eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um lögmæti ríkisstjórnarinnar. Það sé eina leiðin út úr því ástandi sem nú ríki í landinu.

Khatami gagnrýndi klerkastjórnina óbeint með því að segja að óháðir aðilar, sem almenningur gæti treyst, yrði að annast slíka kosningu. Klerkastjórnin hafði umsjón með forsetakosningunum. Annar fyrrum forseti, Akbar



ÆÐSTU LEIÐTOGAR Ayatollah Ali Khamenei hélt ræðu í Teheran í gær, og Ahmadinejad forseti og aðrir embættismenn sátu við hlið hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hashemi Rafsanjani, hefur gagnrýnt æðsta leiðtogann og forsetann. Á föstudag krafðist hann þess

að öllum þeim sem voru handteknir í mótmælum eftir forsetakosningar yrði sleppt. Rafsanjani er hátt settur meðal æðstu klerka landsins og stuðningur hans því mikilvægur fyrir stjórnarandstöðu. Leiðtogi hennar, Mir Hossein Mousavi, lét hörð orð falla í garð stjórnarinnar og Khamenei sjálfs í gær. Hann sagði að íranska þjóðin hefði verið móðguð með ásökunum um að mótmælunum eftir forsetakosningarnar í landinu hefðu verið skipulögð af útlendingum. Þá sagði hann klerkastjórnina nú þurfa að takast á við nýjan hlut; þjóð sem hefði verið vakin og ætlaði að verja afrek sín. - þeb

Skipverjar á Lundey NS:

Makrillinn étur loðnu og síld

SJÁVARÚTVEGUR Fjögur skip HB Granda voru á síldveiðum um 100 sjómíli norður af Melrakkasléttu um helgina. Mikið var sem þetta kemur fram. Loðnu auk þess sem fjöldi hnúfu-baka sást.

Það vakti athygli skipverja á skipinu Lundey NS að makrill, sem veiddist með síldinni, var ýmist fullur af loðnu eða síld. Skipverjarnir halda úti heimasíðu þar sem þetta kemur fram. Maginn í makrílnum var skoðaður og var mikill meirihluti hans með loðnu í maganum og margir með rauðáttu og síldarhrestur líka. - þeb

Sádiarabískur maður:

Giftist til að fá nýra konunnar

FILIPPSEYJAR, AP Maður frá Sádi-Arabíu giftist filippseyskri konu til þess eins að hún gæti gefið honum annað nýra sitt. Talið er víst að maðurinn hafi ætlað að kaupa nýrað og giftingin hafi verið yfirhýlming.

Lög um líffæragjöf eru mjög ströng á Filippseyjum til þess að reyna að koma í veg fyrir sölu á líffærum. Undantekningar eru gerðar þegar líffæragjöf er tengdur fjölskylduböndum eða öðrum tilfinningalegum böndum.

Sádi-Arabinn sótti um ígræðslu og skráði eiginkonu sína sem gjafa. Upp komst um svikin þegar í ljós kom að þau voru nýgift og maðurinn talaði hvorki ensku né filippseysku, og konan talaði ekki arabísku. - þeb

MÁRITANÍA

Lítill vandráði í kosningum

Engin stórvægileg vandamál komu upp við framkvæmd kosninga í Máritaníu, samkvæmt franska utanríkisráðuneytinu. Ráðuneytið viðurkenndi þó ekki meintan sigurvegara kosninganna, Mohamed Ould Abdel Aziz. Andstæðingar hans hafa sagt að kosningasvindl hafi átt sér stað.

INDLAND

Ómerkja ekki tímamótadóm

Hæstiréttur í Indlandi ætlar ekki að ómerkja dóm dómstóls í Delhi þess efnis að kynlíf samkynhneigðra sé ekki refsivert. Dómurinn var tímamótadómur fyrir samkynhneigða, en hefur einnig vakið mikla reiði trúarleiðtoga. Dómurinn mun fá að standa þangað til hæstiréttur dæmir í málinu.



SAMRÆMA HRADA Nefnd samgönguráðherra leggur meðal annars til að hámarkshraði á þjóðvegum landsins verði 90 kílómetrar á klukkustund fyrir öll ökutæki. Í dag er hámarkshraðinn 80 kílómetrar á klukkustund hjá stórum bílum og bílum með tengivagn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Vilja bílprófsaldur í átján ár í áföngum

Nefnd samgönguráðherra leggur til viðamiklar breytingar á umferðarlögum. Ísland er eitt fárra Evrópulanda með sautján ára bílprófsaldur. Mikilvægt að hækka aldurinn ekki í einu stökki segir formaður Ökukennarafélags Íslands.

SAMGÖNGUR Bílprófsaldurinn verður hækkaður í átján ár, og leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanna lækkar um meira en helming nái breytingar sem nefnd samgönguráðherra vill gera á umferðarlögum fram að ganga.

Kristján L. Möller samgönguráðherra skipaði nefnd til að endurskoða umferðarlögin í nóvember 2007, og hefur hún nú skilað tillögum sínum til ráðherra. Tillögurnar eru á formi frumvarps, og geta áhugasamir gert athugasemdir við frumvarpið, sem finna má á vef ráðuneytisins, til 15. september.

Eitt af því sem nefndin leggur til er að bílprófsaldurinn verði hækkaður úr sautján árum í átján. Leggur nefndin til að það verði gert í áföngum. Árið 2012 verði ökumenn að hafa náð sautján ára og þriggja mánaða aldri, árið 2013 sautján ára og sex mánaða, árið 2014 sautján ára og níu mánaða aldri, og að átján ára aldurstakmarkið verði komið að fullu til framkvæmda árið 2015.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum nefndarinnar segir að slysatíðni þeirra sem taki bílprófið sautján ára sé talsvert hærrí en hjá þeim sem taki prófið átján ára. Búast megi við því að þeir sem taki prófið átján ára valdi sex prósentum færri slysum en þeir sem taki prófið sautján ára.

Þá er einnig bent á að einstaklingar verði löggráða við átján ára aldur. Núverandi fyrirkomulag valdi vanda þegar ólöggráða ökumenn lenti í slysi sem valdi þeim eða öðrum fjárhagslegu tjóni.

„Auðvitað eru skiptar skoðanir innan okkar stéttar,“ segir Jón Haukur Edwald, formaður Ökukennarafélags Íslands, sem átti sæti í nefnd samgönguráðherra.

FINNSKA LEIÐIN EKKI TALIN FÝSILEG

EKKI er fýsilegt að tekjutengja umferðarsektor, eins og gert er í Finnlandi, að mati nefndar samgönguráðherra sem fjallað hefur um breytingar á umferðarlögum. Slík tekjutenging myndi hafa ýmsa ókosti í för með sér, til dæmis þyrfti mun umfangsmeyri útreikninga en nú tíðkast til að ákvarða sektor.

Þá bendir nefndin á að tekjutengingin geti reynst þungbær þeim sem verði fyrir mikilli tekjuskurðingu, til dæmis vegna atvinnuleysis, séu sektor miðaður við skattframtal síðasta árs. Einnig geti verið erfitt að ákveða upphæð sekta fyrir erlenda ökumenn.

Tekjutenging virðist ekki hafa teljanleg áhrif á almennt umferðaröryggi í Finnlandi, að því er fram kemur í greinargerð með drögum að frumvarpi sem nefndin hefur sent samgönguráðherra. Þar segir að tíðni umferðarlagabrotu í Finnlandi sé áþekkt því sem gerist hjá hinum Norðurlandþjóðunum.

FANGELSIREFSINGUM VERÐI BEITT OFTAR

Meðal þess sem nefnd sem unnið hefur að endurskoðun umferðarlaga leggur til eru eftirfarandi breytingar á umferðarlögum:

- Bílprófsaldurinn hækki úr sautján árum í átján í áföngum.
- Leyfilegt áfengismagn í blóði við akstur lækki úr 0,5 prómillum í 0,2 prómill.
- Hámarkshraði á þjóðvegum verði 90 kílómetrar á klukkustund fyrir öll ökutæki, ekki lægri fyrir stór ökutæki og bíla með tengivagna eins og er nú.
- Allir eftirvagnar verði skráningarskyldir, ekki bara þeir sem eru yfir 750 kílógrömmum eins og í dag.
- Fangelsisrefsingum verði beitt í ríkari mæli við alvarlegum umferðarlagabrotum, til dæmis hraðakstri, ölvunarakstri og akstri án ökuréttinda.
- Sviptingartími vegna alvarlegra brota verði að jafnaði lengdur.

„Við stöndum ekki á móti þessu ef þetta stendur til bóta,“ segir Jón Haukur. Hann segir mikilvægt að breytingin verði gerð í fjórum áföngum. Verði bílprófsaldurinn hækkaður um eitt ár í einu vefangi myndi það „ganga af stéttinni dauðri“.

Almennan reglan í Evrópusambandinu er sú að bílprófsaldurinn sé átján ár, segir Kjartan Þórðarson, sérfræðingur hjá Umferðarstofu. Heimildir séu fyrir því að lækka bílprófsaldurinn í sautján ár,

en sér vitanlega hafi aðeins Bretland, Írland, Pólland og Austurríki, auk Íslands, leyft sautján ára fólk að taka bílprófið.

Kjartan segir að umræða hafi verið um að hækka bílprófsaldurinn í átján ár í Bretlandi fyrir rúmum áratug. Niðurstaðan hafi verið sú að gera það ekki. Rannsóknir hafi sýnt að nýir átján ára ökumenn hafi verið alveg jafn reynslulausir og nýir sautján ára ökumenn. Því hafi verið hætt við að hækka bílprófsaldurinn. brjann@frettabladid.is

TÖFRASTUNDIR
VISA Í SUMAR

NOTAÐU
FREKAR VISA

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Á HVERJUM DEGI!

100 stórglæsilegir ferðavinningar
að verðmæti yfir 4.000.000 kr.



GOTT
Í MATINNI

FYRIR ALLA SEM
GRILLA

LOKSINS
FÁANLEGIR
AFTURI!
FITUMINNSTA
GRILLSÓSAN!

GÓÐIR MEÐ GRILLMATNUM

Tilbánir til notkunar! Parf í mesta lagi að setja þá í skál. www.gottimatinn.is

ICE WEAR

... við allar aðstæður



Susanna

Loð-Softshell, 3ja laga

- Vatnsheld
- Vindheld
- Einstaklega mjúk og þægileg að innan
- Teygjanlegt efni sem auðveldar hreyfingu
- Tveir hliðarvasar með laserskurði
- Beygðar ermar sem auðvelda alla hreyfingu

Stærðir: XS-XL

Verð: **19,900**



ICEWEAR flíkur fást á eftirtöldum stöðum:

REYKJAVÍK:
Handprjónasambandið,
Laugavegur 64
The Viking, Hafnarstræti 3
The Viking, Laugavegur 1
Islandia, Kringlan

Icefin, Nóatún 17
Ull og Gjafavörur, Hótel Saga
Ísey, Laugavegur 23
Hitt hornið, Laugavegur 100
Álafoss, Mosfellsbær

UTAN REYKJAVÍKUR:
Bláa Lónið, verslun
The Viking, Hafnarstræti 104, Akureyri
Sport og útvist, Á stéttinni, Húsavík
Selið, Mývatn
Mývatnsmarkaður, Mývatn

Gullfosskaffi, Gullfoss
Geysir verslun, Haukadal
Byggðasafnið, Skógar
Vikurprjón, Vík í Mýrdal



1. Hvaða vörur er íþróttafélagið Styrmir að selja til að eiga fyrir keppnisferð til Danmerkur?
2. Hvað eru mörg ár frá því að fyrsta ferðin var farin á tunglið?
3. Hvað heitir sigurvegarinn á Opna breska meistaramótinu í golfi sem lauk á sunnudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 22

Fulltrúar skilaneftnda eru ánægðir með að óvissu um fjármögnun bankanna sé eytt:

Óvissa um aðkomu kröfuhafa

„Það er búið að fastsetja valkostina og óvissunni er eytt með þessu samkomulagi,“ segir Árni Tómasson formaður skilaneftndar Glitnis. „Með samningnum hefur skilaneftnd Glitnis, fyrir hönd kröfuhafa, öðlast rétt til að eignast Íslandsbanka að öllu leyti án þess að leggja til frekari fjármuni og ríkið hefur enn fremur skuldbundið sig til að veita bankanum 25 milljarða lausafjárstuðning. Með þessu teljum við að bankinn sé að fullu fjármagnaður og að lausafé hans sé tryggt um fyrirsjáanlega framtíð,“ segir Árni. Óvíst er hvort kröfuhafar muni eignast Íslandsbanka að fullu strax, en

kröfuhafar hafa kauprétt að allt að 90 prósentum af hlutafé bankans á næstu fimm árum.

„Ég tel það mjög gott að það sé búið að fjármagna bankana,“ segir Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilaneftndar Kaupþings. Hann segir að kröfuhafar bankans hafi verið þátttakendur í þessu ferli frá nóvember og þeir séu áhugasamir um að eignast banka sem sé í góðum rekstri.

Eggert Þór Ólason, yfirlögfræðingur Landsbankans, segir að verðmat eigna bankans hafi gengið vel. Verðmatið sé ákaflega mikilvægt í tilfalli Landsbankans þar sem uppgjör milli gamla og nýja bankans



FULLTRÚAR SKILANEFTNDA Eggert Þór Ólason, yfirlögfræðingur Landsbankans, Árni Tómasson, formaður skilaneftndar Glitnis, og Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilaneftndar Kaupþings, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sé með öðru móti en í tilfalli Kaupþings og Glitnis. -bpa

Hvetja ráðherra áfram: Fagna Vaðlaheiðargöngum

SAMGÖNGUMÁL Stjórn Eyþings, sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, fagnar áformum um að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga. Þá hvetur stjórnin samgönguráðherra til að standa fast við áformin.

Stjórn Eyþings segist einnig harma „þá ómálefnalegu umræðu sem átt hefur sér stað um Vaðlaheiðargöng og ákvörðun samgönguráðherra“.

Stjórnin vill jafnframt að því sé haldið til haga að veggjöld muni standa undir helmingi kostnaðar við göngin, sem geri framkvæmdina enn fýsilegri en annars. -peb

NYTTI!

mentos CHEWING GUM

FYLLTU VASANN AF MENTOS TYGGJÓ!

EVROPUSAMBANDIÐ OG EVRAN

- 1999
- 2001
- 2007
- 2008
- 2009
- Framtíðarþlön*
 - Pólland 01.01 2012
 - Eistland 01.01 2011
 - Rúmenía 01.01 2015
- ESB-þjóðir án evru

* Búlgaría, Tékkland, Ungverjaland, Lettland og Lítháen hyggjast taka upp evruna. Löndin hafa hins vegar ekki uppfyllt skilyrði fyrir upptöku og því eru ekki búið að festa neinar dagsetningar.

Upptaka evru innan Evrópusambandsins

Evrar er opinber gjaldmiðill sextán af 27 löndum Evrópusambandsins. Evran er einnig notuð í fimm löndum annaðhvort með eða án sérstakrar heimildar Evrópusambandsins. Þau eru San Marínó, Andorra, Vatíkanið, Svartfjallaland, Kósóvó og Mónakó.

Alls er evran notuð af um 327 milljónum Evrópubúa á degi

hverjum auk þess sem 175 milljónir búa við skilyrði þar sem gjaldmiðill viðkomandi lands er fest við gengi evrunnar.

Sex lönd hafa skuldbundið sig til að taka upp evruna á næstu árum að undangengnum ákveðnum skilyrðum. Þau lönd eru Búlgaría, Tékkland, Ungverjaland, Pólland, Rúmenía og Svíþjóð. Danmörk og Bretland hafa hins vegar valið að taka ekki upp evruna þrátt fyrir að vera í sambandinu.

Fyrir utan evrusvæðið eru 23 lönd sem fest hafa gjaldmiðil sinn við gengi evrunnar. Þar af eru 14 lönd frá Afríku. Í þeim tilfellum er notast áfram við innlenda gjaldmiðil en gengi þess gjaldmiðils ræðst af því hvernig gengi evrunnar þróast. -bpa

20-50% AFSLÁTTUR AF VEIÐIVÖRUM Í ALLT SUMAR

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

Yfir 100 ára gamalt íbúðarhús á Akureyri sagt mikið skemmt eftir eldsvoða: Kona og ungt barn komust út

BRUNI Engan sakaði þegar eldur varð laus í gömlu timburhúsi á Akureyri um miðjan dag í gær. Nágrannar urðu eldsins varir og hringdu á Neyðarlínuna. Kona með ungt barn var í húsinu þegar eldurinn kom upp, en hún kom sér út eftir að nágrannar létu hana vita.

Eldurinn kviknaði í eldhúsi í einni af fjórum íbúðum í þessu ríflega 100 ára gamla timburhúsi, segir Ingimar Eydal, aðstoðarslökkviliðsstjóri hjá Slökkviliði Akureyrar.

Þegar slökkviliðið kom á vettvang um klukkan 15 var farið að rjúka úr húsinu, og þegar slökkviliðsmenn reyndu að finna eld sprungu rúður í eldhúsinu út á móti þeim og mikill reykur gaus upp, segir Ingimar.

Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins, en talsverðan tíma tók að slökkva allar glóðir, enda húsið einangrað með torfi. Önnur hús voru ekki talin í hættu. Íbúðin sem eldurinn kviknaði í er talin ónýtt, og talsverðar reykskemmdir urðu í öðrum íbúðum í húsinu.

Eldsúptök eru ókunn, en grunur beinist að raf-



REYKUR Talsverður reykur gaus upp þegar rúður í eldhúsinu, þar sem eldurinn kom upp, sprungu. MYND/AUÐUNN NIELSSON

magni, segir Ingimar. Ekkert bendir til þess að um íkveikju hafi verið að ræða. -bj

SUMAR- TILBOÐ!

3 stærðir
VERÐ FRÁ:
24.900.- stgr.

SUMAR-
TILBOÐ!



BAÐINNRETTING

INNIFALIÐ Í VERÐ ER SKÚFFUSKÁPUR M/
MJUKLOKUN, BORBPLATA, HÖLDUR OG LJÓSAKAPPI

STÆRÐIR:

60 x 48
70 x 48
90 x 48 sm

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL, BLÖNDUNARTÆKI,
LJÓS OG TAPPASETT



HERT
ÖRYGGISGLER



HERT
ÖRYGGISGLER



STURTUHORN

70x70 75x75 80x80 90x90

Verð frá **37.900** stgr

SUMAR-
TILBOÐ!

Hitastýrð blöndunartæki
ömmustöng og handssturtu
Verð frá **54.900** stgr

til
afgreiðslu
af lager



Sturtuhorn
heil opnun
á lyftilömmum

HERT
ÖRYGGISGLER

DYA17A

80x80/90x90 H. 192 sm

Verð frá **56.900** stgr



Sturtuhorn
heil opnun
á lyftilömmum

HERT
ÖRYGGISGLER

DYA22

80x80 H. 192 sm

Verð **49.600** stgr

SUMAR-
TILBOÐ!

Verð frá
59.900 stgr.



Blöndunartæki
með liftitappa og
botnventli
Verð frá **6.900** stgr.

SUMAR-
TILBOÐ!



HERT
ÖRYGGISGLER

DY C12

90 x 192 sm (beint Sturtuskjól)

Verð frá **32.900** stgr

til
afgreiðslu
af lager



HANDKLÆÐAOFN

Krómaður 76x55 Verð **15.900** stgr.

Innbyggingar WC

Hár eða lár kassi
með skál, setu og sturtuhnapp

INNRETTINGAR
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opð virka daga frá kl. 09-18 Lokað á laugardögum | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

ÓDÝRT Í HAGKAUP



POTTAGALDRAR
LAMBALÆRISNEIDAR

1.598 kr/kg.

Merkt verð 1.998.-



SVÍNAKÓTILETTUR
KRYDDLEGNAR

1.019 kr/kg.

Merkt verð 1.698.-



BBQ
BORGARAR

599 kr/pk.

Merkt verð 749.-



JENSENS
BBQ SVÍNARÍF

1.599 kr/pk.

Gildir til 26. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

ENDURFJÁRMÖGNUN BANKANNA

Kostnaður ríkisins 271 milljarður króna

Endurfjármögnun bankanna var kynnt í gær. Hugsanlegt er að Íslandsbanki og Nýja Kaupþing verði að hluta eða öllu leyti í eigu erlendra kröfuhafa gömlu bankanna. Landsbankinn verður áfram að fullu í eigu ríkisins.

Framlag Íslands ríkisins til endurfjármögnunar bankanna þriggja nemur 271 milljarði króna. Fjármagnið verður lagt til bankanna þann 14. ágúst næstkomandi. Hugsanlegt er að framlagið lækki um 73 milljarða í 198 milljarða króna ef kröfuhafar Glitnis og Kaupþings fallast á samkomulag þess efnis að þeir eignist Nýja Kaupþing og Íslandsbanka að hluta eða öllu leyti. Landsbanki Íslands kemur til með að vera að fullu í eigu ríkisins. Frá þessu var greint á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

„Það er afskaplega mikilvægt við þetta samkomulag að það er verið að lágmarka kostnað ríkisins og þar með skattgreiðenda af falli bankanna,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. „Þetta samkomulag mun stuðla að auknu aðgengi að lánsfjármörkuðum erlendis og draga úr hættu á málssókn á hendur ríkinu.“

Samkvæmt samkomulaginu munu erlendir kröfuhafar eignast 87 prósentu hlut í Nýja Kaupþingi. Ríkið mun því eiga að lágmarki þrettán prósentu hlut í bankanum og alls óvíst hvort sá hlutur verður seldur, en hugsanlegt er að hlutur ríkisins verði stærri. Kröfuhöfum Glitnis gefst kostur á að eignast Íslandsbanka að öllu leyti. Óljóst er á þessari stundu hvort kröfuhafar nýti sér þennan kost og hugsanlegt að eignarhaldið muni verða að hluta til í höndum ríkisins. Ef kröfuhafar nýta sér ekki þann kost að eignast



BLAÐAMANNAFUNDUR Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU Endurfjármögnun og endurskipulagning á eignarhaldi bankanna þriggja var kynnt í gær. Steingrímur J. Sigfússon segir mikilvægt að óvissu um framtíð bankanna sé eytt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýja Kaupþing og Íslandsbanka nú í haust hafa þeir kauprétt á hlutum í bönkunum tveimur á árunum 2011 til 2015.

„Þetta samkomulag dregur úr fjárbindingu ríkisins í bankakerfinu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Það er mikilvægt að óvissunni er eytt og það á ekkert að geta komið í veg fyrir að bankarnir verði endurfjármagnaðir þann 14. ágúst.“ Hann segir að

það sé möguleiki að erlendu kröfuhafarnir hafni samkomulaginu um að gerast hluthafar í nýju bönkunum. Ef svo fer þá muni áætlun taka við þar sem ríkið mun eiga bankana áfram.

Ef svo fer munu kröfuhafar eiga kauprétt sem mun hljóða upp á upphaflegt framlag auk vaxta og álags. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur álagið fimm prósentum ofan á þá fjárhæð. bta@frettabladid.is



■ Nýja Kaupþing

Ríkið mun leggja Nýja Kaupþingi til 70 milljarða í hlutafé sem gamla Kaupþing mun kaupa af ríkinu hafi kröfuhafar áhuga á því að eignast hluti í Nýja Kaupþingi. Ríkið mun hafa mann í stjórn bankans.

Ákveði gamla Kaupþing, sem er í eigu erlendra kröfuhafa, að nýta sér réttinn á því að eignast nýja bankann hefur ríkið skuldbundið sig til að leggja bankanum til 25 milljarða lán auk átta milljarða í hlutafé. Ef af samkomulaginu verður munu erlendir kröfuhafa eignast 87 prósentu hlut í Nýja Kaupþingi. Ríkið mun eiga þrettán prósentu hlut í Kaupþingi. Óljóst er hver vilji kröfuhafa er á þessari stundu og gæti hlutur ríkisins orðið umtalsvert stærri en fyrrgreind þrettán prósent.



■ Íslandsbanki

Glitni gefst kostur á að eignast Íslandsbanka að öllu leyti. Glitni er nú í eigu erlendra kröfuhafa sem skilanevnd bankans er í forsvari fyrir. Íslands ríkið mun forfjármagna bankann þann 14. ágúst og leggja honum til 60 milljarða króna í hlutafé. Glitni mun síðan hafa kost á að kaupa þann hlut sé áhugi fyrir hendi. Ríkið mun þar að auki lána bankanum 25 milljarða í vikjandi lán.

Hugsanlegt er að þrátt fyrir að Glitni eignist alla hluti í Íslandsbanka muni ríkið koma að eignarhaldi hans. Óljóst er á þessari stundu hvort það sé vilji kröfuhafa að breyta vikjandi láni ríkisins í hlutafé eða greiða það til baka og eignast þar með bankann að öllu leyti.



■ Landsbankinn

Ríkið mun leggja nýja Landsbankanum til 140 milljarða króna og kemur bankinn til með að vera að fullu í eigu íslenska ríkisins. Steingrímur J. Sigfússon segir að samsetning kröfuhafa bankans sé með þeim hætti að afar ólíklegt sé að þeir hafi áhuga á bankarekstri.

Helstu kröfuhafar bankans eru breska og hollenska ríkið auk sveitarfélaga í Bretlandi og Hollandi.

SKORTIR VARNAGLA UM VÍKINGANA



ÞÓR SAARI

„Það fyrsta sem ég rak augun í er að það vantar alla varnagla við að útrásarvíkingarnir geti komist á ný til áhrifa í íslensku fjármálalífi,“ segir Þór Saari, þingmaður Borgarahreyfingarinnar. Honum hafði ekki gefist færi á að kynna sér samningana til hlítar í gær en hlaut stutta kynningu í hádeginu. „Hitt stóra atriðið sem ég sá í fljótu bragði er að ef Íslandsbanki verður seldur til útlinga þá fylgja með eigi á borð við hlutinn í Geysi Green Energy. Þar með eignast útlingarnir hlut í orkuauðlindunum og það má ekki gerast.“

- bps

GOTT AÐ FÁ KRÖFUHAFANA AÐ



BIRKIR J. JÓNSSON

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins. Honum sýnist í fljótu bragði séð að samkomulagið samræmist hugmyndum flokksins en gagnrýnir seinagang í málinu. „Þetta hefur dregist á langinn og atvinnulífið og heimilin þurft að súpa seyðið af því. Þessar seinkanir hafa bæst við seinkanir á öðrum málum ríkisstjórnarinnar og gert öllum afar erfitt fyrir,“ segir Birkir.

- bps

ÞETTA LEYSIR MÖRG VANDAMÁL



PÉTUR H. BLÖNDAL

Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, kveðst ánægður með niðurstöðuna, enda leysi hún margvísleg vandamál, til dæmis við mat kröfuhafa á uppgjörum bankanna. Sjálfur kynnti Pétur hugmynd að svipaðri lausn fyrir um hálfu ári. „Með þessu kemur erlent eigið fé í bankana, sem ætti að bæta stöðu krónunnar, aukið lánstraust og erlent þekking á bankarekstri.“ Þá segir Pétur að við þessa formbreytingu færast meginhluti atvinnulífsins aftur undan opinberri forsjá sem forðar því frá hættunni á pólitískum afskiptum.

- bps

KRÓNAN  fyrst og fremst ódýr

ÚTSALA!

40%
afsláttur



AF ÖLLUM
BARNAFATNAÐI

Í KRÓNUNNI
LINDUM OG SELFOSSI



ALMENNAR RÁÐLEGGINGAR varðandi hreyfingu miða við að fullorðnir hreyfi sig rösklega í minnst 30 mínútur á degi hverjum. Börn eiga hins vegar að hreyfa sig í minnst 60 mínútur daglega.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

MEÐGÖNGUSUND

Sundleikfimi hjá sjúkrapjálfurum




Dagtímarnir á Hrafnistu eru byrjaðir aftur.

www.medgongusund.is
sími. 848-7094



Vertu **liðtækur**



Glucomed inniheldur glúkósamín

Ekki má nota Glucomed:

- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.

Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”



Sveinn Andri stundar hot yoga nokkrum sinnum í viku ásamt því að lyfta og brenna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Heitt jóga til heilsubótar

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður hefur stundað líkamsrækt um nokkurt skeið. Nýlega bætti hann svokölluðu hot yoga á stundaskrána þar sem óhefðbundum aðferðum er beitt til heilsuefingar.

„Upphaflega skelsti ég mér nú bara í tíma til að liðka mig eftir allar lyftingarnar sem ég hef verið að stunda en er nú orðinn algjörlega háður þessu,“ segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sem hefur nú bæst í ört stækkandi hóp þeirra sem stunda svokallað hot yoga.

Hot yoga er skylt bikram yoga þar sem markmiðið er að styrkja vöðvaflokkana í kringum hrygginn með standandi og sitjandi stöðum. Æfingarnar eru stundaðar í vel upphitðu herbergi, eða 37 gráðu heitu, til að líkaminn hitni fyrr upp og verði sveigjanlegri í öllum stöðum og teygjum. „Í hitanum svitnar maður meira svo detox-áhrif hljóttast af og brennir að auki fleiri hitaeiningum,“

útskýrir Sveinn Andri, sem er þekktur fyrir að kalla ekki allt ömmu sína en viðurkennir fúslega að jógaæfingarnar taki vel á.

„Þetta er alveg heilmikil vinna, enda verið að þjálfa vöðva sem verða gjarnan út undan í öðrum æfingum. Í mínu tilviki er ég að vinna í stírdum vöðvum þar sem samgróningar eru að trosna upp eftir 40 ár,“ útskýrir hann og segist hafa verið mjög stírdur í byrjun. „Á skalanum einum upp í hundrað hef ég líklegast verið á svona þremur. Ætli ég sé ekki smám saman að skriða upp fyrir fimm, þannig að ég finn mjög mikinn mun á mér,“ segir hann hlæjandi og þakkar góðan árangur meðal annars jógakennaranum Jóhönnu Karlsdóttur, sem heldur

utan um námskeiðið hjá World Class.

Hot yoga eru fyrstu kynni Sveins Andra af jóga, en hann hefur um nokkurt skeið stundað lyftingar með ágætum árangri. Með þessari viðbót telur hann sig hafa fundið fullkomna aðferð til að halda sér í formi. „Þetta er bara mjög gott fyrir líkamann, ásamt því að hafa róandi áhrif. Ég sofna oft í slökuninni í lokin og kem alveg endurnærður út úr tíma,“ segir hann en þvertækur fyrir að jóga sé upphafið að andlegri iðkun. „Nei, enda á þetta ekkert skylt við svoleiðis,“ bendir hann á. „Ég læt þetta duga í bili. Þú átt sko ekki eftir að rekast á mig í gulum kufli með svartan depil á enninu.“

roald@frettabladid.is

1

-15%

SMURVINNA

afsláttur af vinnu við smur!



BÍLKÓ

2

Tilboð

BÓN OG ÞVOTTUR

Alprif og teflonbón á tilboðsverði!



3

-15%

DEKK

afsláttur af sumardekkjum og jeppadekkjum!



ATH. OPÍÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



Matargerð með ástúð og virðingu

Krúska er matstofa og verslun.

Í Krúsku er lögð áhersla á holla og vandaða matargerð. Úrval af ferskum, framandi réttum og lífrænum vörum.

Verið velkomin!

KRÚSKA

VIÐ ELDUM FYRIR ÞIG

KRÚSKA • Suðurlandsbraut 12 • 108 Reykjavík • Sími: 557-5880 • www.kruska.is



FLOTT Í SUMAR...

með Slendertone
dömu/herra belti



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 • S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - fri heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið



Á dagskrá Norðurlandasumarbúða fyrir hjartveika unglunga eru leikir, kynningar og Ísland verður skoðað.

MYND/MIKKO NIIPALA

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Hjartveikir unglingar í sumarbúðir til Íslands

Norðurlandasumarbúðir fyrir hjartveika unglunga eru haldnar í fyrsta sinn á Íslandi í vikunni en alls taka 45 börn frá fimm löndum þátt. Sumarbúðirnar hafa verið haldnar á Norðurlöndunum síðastliðin 20 ár.

„Þetta eru Norðurlandasumarbúðir fyrir hjartveika unglunga á aldrinum fjórtán til átján ára sem hafa verið í gangi í tuttugu ár í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku,“ segir Guðrún Bergmann, formaður Neistans, styrktarfélag hjartveikra barna, en sumarbúðirnar eru haldnar í fyrsta sinn á Íslandi og standa frá 19. til 26. júlí á Laugarvatni. Íslendingar taka þátt í fjórða sinn í ár.

Þegar Guðrún er innt eftir því af hverju ákveðið hafi verið að halda sumarbúðirnar á Íslandi segir hún: „Það er meira samstarf á milli Norðurlandanna núna og við komumst allt í einu að því að við eigum fullt af hjartveikum unglungum,“ segir Guðrún og bætir við að þegar Neistinn frétti af þessum norrænu sumarbúðum hafi verið ákveðið að fara í samstarf og íslenskir unglingar sendir í búðirnar.

Guðrún segir að staðsetning búðanna gangi á milli Norður-



í sumarbúðunum eru 45 unglingar frá fimm löndum og fjórtán farastjórar.

landanna. Nú taka 45 unglingar þátt og eru fjórtán fararstjórar með í för. Aðspurð segir Guðrún að flestir unglingarnir séu að koma til Íslands í fyrsta skipti. „Það er voða gaman hérna og ekki skemmir veðrið fyrir. Við erum aðallega í leikjum til að kynnast og eigum eftir að skoða landið í vikunni, fara á Gullfoss og Geysi og Bláa lónið. Þeim finnst ekkert mál að fara frá Laugarvatni í Bláa lónið,“ upplýsir hún.

„Margir lifa fyrir búðirnar og finnst ómetanlegt að hitta krakka sem eru í sömu stöðu og þeir sjálfir. Ég tek eftir því að í búðunum eru allir jafningjar,“ útskýrir Guðrún. Er ekki mikill undirbúningur að baki? „Jú, það var flókið að koma þessu saman en sem betur fer tókst það á endanum. Við fengum hjálp frá Norðurlöndunum og gátum spurt þau eins og við vildum. Svo fengum við aðstoð frá ýmsum fyrirtækjum á Íslandi og lánaði Toyota okkur til dæmis tvo bíla til afnota og Neistinn þakkar fyrir það.“

Eru lækna og hjúkrunarfræðingar með í för? „Það er hjúkrunarfræðingur með okkur alla vikuna sem fer hvert sem er með okkur. Nokkrir unglinganna eru á lyfjum og það þarf að fylgjast með að þeir taki þau. Svo létum við hjartalækni okkar vita þannig að það er fullt af fólki á bakvakt til öryggis ef eitthvað kemur upp á.“

martaf@frettlabladid.is

Að fá sér
heyrnartæki
hefur ekkert með
aldur að gera

Betri heyrn
Bætt lífsgæði

... heldur snýst það um að vera snjall!

Öruggasta leiðin til að líta út fyrir að vera eldri er að gera ekkert þegar heyrnarskerðing er orðin að veruleika. Með DUAL, nýjasta heyrnartækinu frá Oticon, þá hefur aldrei verið jafn þægilegt og auðvelt að nota heyrnartæki. Í fyrsta sinn eru nú komin tæki sem sameina ótvíræða kosti glæsilegs útlits og fullkomna hljómgæða. DUAL er ósýnilegt bakvið eyra þannig að aðrir geta ekki séð að þú ert með heyrnartæki.

En þú munt svo sannarlega finna muninn!

Taktu ákvörðun um að heyra betur!

Pantaðu tíma í fría heyrnarmælingu í síma 568 6880 og prófaðu Dual

Heyrnartækni

Glæsibæ | Álfeimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | sími: 568 6880 | www.heyrnartækni.is



heilsa og útivist

ÞRIÐJUDAGUR 21. JÚLÍ 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

AKUREYRI + VERSLUNARMANNAHELGIN = GLEÐI, BROS OG HAMINGJA.

dagskrá helgarinnar er á www.einmedollu.is

brostu með!





Púttið er mikil félagsíþrótt á Grund þar sem vinir koma saman og púttu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pútt vinsælt á Grund

Á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund er púttuð alla daga yfir sumarið og eru reglulega haldin púttmót. „Máli skiptir að fólk drífi sig og hafi eitthvað að gera,“ segir Alberto Borges, íþróttafraeðingur á Grund. „Fólk getur hugsað um móttin, orðið áhugasamt og haldið sér í æfingu.“

Að sögn Albertos er pútt mjög vinsælt á Grund. „Reglulega stunda þetta tíu til tólf menn og eru þeir að á hverjum degi. Sumir einstaklingar mæta í tækjasal, í sund og í púttið. Sumir eru alveg íþróttamen, alveg hundrað prósent.“

Alberto segir að sumir hafi verið í golfi áður en þeir fóru á Grund. „Þegar fólk fer á elliheimili getur það ekkert gengið átján holu stóran völlu heldur var gerður lítill völlu til að púttu á,“ útskýrir Alberto sem segir völlu fyrsta flokks. „Þegar veðrið er jafn gott



Tíu til tólf manns stunda pútt reglulega á Grund.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og það hefur verið þá mæta vinirnir á völlu. Fólk kemur, spjallar saman og fylgist með æfingunum.“

-mmf

• ÆFA EINS OG STJÖRNURNAR

Hjá líkamsræktarstöðinni Hress í Hafnarfirði er hægt að fá einkapjálfun þar sem kynntar eru æfingaáætlanir og mataræði stjarnanna í Hollywood.

Telma Matthíasdóttir einkapjálfi hefur útbúið æfingaplön þar sem gerðar eru æfingar stjarnanna og einnig fylgja upplýsingar um mataræði þeirra. Þá er til dæmis Madonna tekin fyrir einn daginn og Cameron Diaz annan dag. Þykir þetta ágætis leið til að brjóta upp þjálfunina og gera hana skemmtilegri. Oft er æft í hópum en sú aðferð nýtur aukinna vinsælda að sögn Lindu Bjarkar Hilmarsdóttur, framkvæmdastjóra Hress í Hafnarfirði.

-hs



Cameron Diaz heldur sér bara nokkuð vel.

VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 krónur

Þú ákveður svo hvar og hvenær þú veiðir

veidikortid.is

Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Fæst hjá N1, í veiðivörverslunum og á www.veidikortid.is

Hver segir að það sé dýrt að veiða?



Blokartbílarnir þykja einfaldir í notkun, en þeir eru vinsælir um allan heim.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Fólk tapar sér yfir Blokarti

KomaSvo.is er fyrsta fyrirtækið hérlendis sem býður upp á Blokart, einfalda íþrótt sem þykir hentar vel íslenskum aðstæðum meðal annars vegna veðurfars.

„Blokartið er alveg nýtt á Íslandi. Þetta er mest vaxandi sport í heiminum í dag og er víða að finna. Svo er þetta hundrað prósent náttúruvænt, bara drifið af vindinum,“ segir Jón Ólafur Magnússon framkvæmdastjóri KomaSvo.is, afþreyingarfyrirtækis sem sérhæfir sig í skemmtiferðum fyrir hópa og fyrirtæki.

„Ég hef verið að setja upp bæði keppnir og þrautir þar sem þarf að fara ákveðnar brautir en svo fær fólk líka að leika sér á þessu og hafa frjálsar hendur. Bílarnir geta farið upp í ágætis hraða í góðum vindi, allt upp í 70 til 80 kílómetra á klukkustund,“ segir Jón, en KomaSvo.is er eina fyrirtækið sem býður upp á Blokart hér á landi.

„Blokartið eru litlir eins manns bílar sem sest er í og eru með stóru segli fyrir ofan, mjög svipaðir og seglbátar. Svo hallar maður sér bara aftur á bak og er með stýrið í annarri og seglið í hinni,“ útskýrir Jón og segir auðvelt að stjórna hraðanum.

„Við fengum leyfi til að stunda



Blokart-bílarnir komast upp í allt að 70 til 80 kílómetra á klukkustund.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Blokartið á gamla Patton flugvelli í Keflavík og erum aðallega þar en svo höfum við líka stundað þetta uppi á Hellisheiði við Skíðaskálann í Hveradölum, við Þingvelli og flugvöllinn á Hellu,“ segir Jón, en Blokartið þykir henta íslenskum aðstæðum einstaklega vel.

„Það eru flest afþreyingarfyrirtæki í þessum geira að bjóða upp á það sama, hestaferðir, river rafting og snjósléðaferðir, en okkur langaði að finna eitthvað öðruvísi. Ég fann svo Blokartið á netinu fyrir skæra tilviljun þegar ég

var að leita að einhverju nýju og spennandi og fannst þetta alveg tilvalið svo við fluttum inn tólf bíla frá Hollandi í fyrra,“ segir Jón en yfir 1.000 manns hafa nú prufað bílana.

„Það geta allir farið í Blokart, börn eða fullorðnir, fatlaðir sem ófatlaðir geta setið í bílunum. Það er þó aðallega fullorðin fólk sem kemur til okkar. Þetta er svo skemmtilegt að fólk tapar sér alveg.“

Nánari upplýsingar um Blokart á www.komasvo.is og www.blokart.is.

-hds

Völlurinn verður náttúruperla

Grindvíkingar vinna að því að stækka golfvöllinn sinn úr þrettán holum í átján.

„Við erum með góðan strandvöll meðfram sjó og tún eins og margir aðrir. Nú mun hraunsvæði bættast við þannig að völlurinn verður í raun þrískiptur og alger náttúruperla,“ segir Páll Erlingsson formaður Golfklúbbsins í Grindavík um völlinn á staðnum. Unnið er að stækkun hans úr 13 holum í 18 og á hann að verða fullbúinn á 20. afmælisári klúbbsins 2011. Hönnuður er Hannes Þorsteinsson.

Framkvæmdirnar ganga vel að sögn Páls. Búið er að ryðja fjórar brautir og styttest í að sáð verði í þær. „Við höfum allt efnið á staðnum og þurfum ekki að keyra neitt að,“ segir hann. „Bara grjóthreinsa og sá í.“

-gun



Kylfingar verða að slá yfir hólinn til hægri í upphafshöggi af 10. teig.

MYND/PÁLL ERLINGSSON



Andri hefur mestan áhuga á bilum, freerunning og línuskautum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Algjör adrenalínfíkill

„Þetta er rosalega gaman. Ég get óhikað mælt með þessu,“ segir Andri Már Birgisson, menntaskólamei og sjálfritlaður adrenalínfíkill, um eitt af áhugamálunum: Freestyle-línuskautana sína, sem eru af gerðinni Preseder. Þá hefur hann átt síðan í sjötta bekk og segir mikinn mun á þeim og götulínuskautum. „Götulínuskautar ná meiri hraða þar sem dekkinn eru bæði mjórri og stærri. Svo leiðis skautar eru léttir og því lítið mál að fara upp og niður brekkur eða ferðast langar vegalengdir,“ segir hann.

Freestyle-skautana kveður hann hins vegar þyngri og höggþolnari. „Þeir eru hannaðir til að maður geti framkvæmt alls kyns brögð,“

segir hann. „Dekkin eru minni og breiðari og því auðveldara að halda jafnvægi. En maður fer ekki langt á þeim. Maður skellir þeim bara í bílskottið og keyrir á æfingastað.“ Þeir eru nokkrir á höfuðborgarsvæðinu að hans sögn; þeir helstu í Gufnesi í Grafarvogi, Fífunni í Kópavogi og tveir í Garðabæ.

Þar koma hópar saman til að leika sér og sýna listir en Andri segir að enn sé langt í að línuskautar verði að viðurkenndri íþróttagrein hér eins og erlendis. „Það er ekki keppt nema úti,“ bendir hann á og bætir við að árangur náist aðeins með æfingu. „Er það ekki æfingin sem skapar meistaran,“ spyr hann glettinn.

-rve



Finnur segir siglingu niður eystri Jökulsá heimikið ævintýri. MYND/ÚR EINKASAFNI

Mikið ævintýri

Ferðaþjónustan Bakkaflöt er með fjölbreytta gistimöguleika og afþreyingu. Flúðasiglingar eru á meðal þess sem þar er í boði. „Siglt er á eystri og vestari Jökulsám,“ segir Finnur Sigurðsson, starfsmaður hjá Ferðaþjónustunni Bakkaflöt.

„Sigling um vestari Jökulsá tekur þrjár stundir og hentar fólki á öllum aldri en átján ára aldurstakmark er aftur á móti í eystri ána sem tekur sex til sjö tíma að sigla og er töluvert erfiðari. Hún er flokkuð sem fjórir plús á skalanum einn upp í fimm,“ útskýrir hann og segir það ekki að ástæðulausu þar sem bátum hvolfi stundum og fólk hafi fallið útbyrðis. Hins vegar sé þátttakendum kennt að bregðast rétt við í slíkum aðstæðum og fenginn allur nauðsynlegur búnaður, auk þess sem tveir öryggisjakar séu ávallt með í för. „Óhætt er að segja að sigling niður ána sé heimikið ævintýri,“ segir hann.



Þátttakendur fá góðan undirbúning fyrir flúðasiglingarnar og er fenginn allur nauðsynlegur búnaður að sögn Finns.

Ferðaþjónustan heldur einnig úti gistihúsi með 20 herbergjum, tveimur sumarhúsum, veitingastað, bar og tjaldsvæði, sundlaug og heitum pottum. Sjá www.riverrafting.is.

-rve



FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillveisluna

Pykkvabæjar forsoðnar grillkartöflur kartöflusalat hrásalat

Einfalt og gott!



ATORKA HLUTHAFAFUNDUR

Atorka Group hf Fimmtudaginn 30. júlí 2009 kl. 09:00 Hótel Hilton Nordica

DAGSKRÁ


1. Tillaga um breytingu á 10. gr. samþykktu félagsins, í þá veru að aðalfundur félagsins skuli haldinn eigi síðar en fyrir lok ágústmánaðar ár hvert í stað loka júlímánaðar.

Dagskrá fundarins og tillagan til breytinga á samþykktum félagsins mun liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins frá og með 23. júlí. Atkvæðaseðlar afhendast á hluthafafundinum og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem eru skráðir í hlutaskrá kl. 16 þann 29. júlí talin með.

Stjórn Atorku Group hf.



Mest lesið



Ragnhildur Sigurðardóttir hefur skipulagt Bleika toppbikarinn sem verður um næstu helgi hjá Kili í Mosó og GR.

Golf í þágu góðs málefns

Golfmótið Bleiki toppbikarinn heldur áfram för sinni um landið. Um næstu helgi verða haldnar tvær keppnir í Bleika toppbikarnum, hjá Golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ og Golfklúbbi Reykjavíkur.

Mótið er haldið til styrktar baráttu gegn brjóstakrabbameini enda fer allur ágóðu þess til leitarstarfs á vegum Krabbameinsfélagsins. Mótið er haldið nú í fimmta skipti en er opið báðum kynjum í fyrsta sinn í ár enda ná áhrif sjúkdómsins víða.

Krabbameinsfélag Íslands og Vífilfell standa mótariðinni í samvinnu við Gólf samband Íslands og Ragnhildur Sigurðardóttir golfkona hefur skipulagt hana. Markmiðið er að gefa fólki kost á að taka þátt í skemmtilegu móti sem miðar að því að styrkja baráttuna gegn brjóstakrabbameini og hvetja konur til árvekni um eigin heilsu.

Handbolti á ströndinni

Kept verður í strandhandbolta í Nauthólsvík næsta laugardag. Strandhandbolti er ung íþróttagrein á Íslandi. Mót í þeirri grein hafa verið haldin árlega frá 2003 og annar af frumkvöðlunum er Davíð Sigurðarson. Hann er enn aðalmaðurinn á bak við þennan bolta.

Davíð segir hátt í 200 manns taka þátt í mótinu á laugardag, bæði stelpur og stráka og færri komast að en vilja. „Það verða sextán lið og tíu í hverju og svo slatti af varamönnum,“ fullyrðir hann og

segir reglurnar líkjast þeim sem notaðar séu í öðrum mótum. „En við veitum verðlaun fyrir tilþrífamörk og tökum upp á ýmsu fleiru skemmtilegu,“ lofar hann.

Jafnan hafa einhverjir landsliðsmenn heiðrað mótin með þátttöku sinni og Davíð vonast til að svo verði einnig nú. Hann reiknar líka með blíðskaparveðri eins og undanfarin ár. Áhorfendur sitja svo bara á sínum teppum í sandinum og horfa á. Mótið hefst klukkan tíu.




Björgvin Páll Gústafsson landsliðsmarkmaður í góðu stuði í strandboltanum.



Höfum opnað nýtt apótek

í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2



Bogfimi hefur verið stunduð hérlendis síðan árið 1974.

Ung íþróttagrein

Bogfimi hefur ekki verið stunduð lengi á Íslandi. Það var fyrst árið 1974, með stofnun Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík, og svo Íþróttafélags fatlaðra á Akureyri, sem skipulagðar æfingar hófust í greininni.

Bogfimi stunda þó ekki aðeins fatlaðir. Í gegnum tíðina hefur blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga æft saman. Á Íslandsmóti fatlaðra, sem haldið er á vegum ÍF (Íþróttasambands fatlaðra) er keppt í að minnsta kosti þremur flokkum í bogfimi. Tveimur flokkum fatlaðra og síðan í opnum flokki þar sem allir geta tekið þátt. Fyrir um það sex árum var stofnuð sérstök bogfimefnd á vegum ÍSÍ og er það hlutverk hennar að vinna að framgangi þessarar íþróttagreinar á landsvísu.

Myndir, upplýsingar og úrslit móta er hægt að nálgast á vefsíðunni bogfimi.net.



Reykjavík Apótek er nýtt apótek sem leitast við að bjóða hagstæð verð og framúrskarandi þjónustu.


Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ERNEST HEMINGWAY (1899-1961)
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Allt sem þú segist ætla að gera á meðan þú ert undir áhrifum áfengis skaltu gera allsgóður. Það ætti að kenna þér að halda þér saman næst.“

Ernest Miller Hemingway var bandarískur rithöfundur. Hann hlaut meðal annars Pulitzerverðlaunin fyrir skáldsöguna Gamli maðurinn og hafið árið 1953 og Nóbelsverðlaunin árið 1954.



PETTA GERÐIST: 21. JÚLÍ 1994

Blair leiðtogi Verkamannaflokksins

Anthony Charles Lynton Blair (fæddur 6. maí 1953), yfirleitt nefndur Tony Blair, var kjörinn leiðtogi Verkamannaflokksins á þessum degi árið 1994.

Blair tók við af John Smith, sem lést tveimur mánuðum áður af völdum hjartaáfalls, en Verkamannaflokkurinn hafði þá verið í stjórnarandstöðu í 18 ár.

Eftir mikla uppbyggingu innan Verkamannaflokksins að undirlagi Blairs vann hann yfirburðasigur í þingkosningunum árið 1997 og batt þar með enda á samfellda stjórn Íhaldsflokksins. Blair gegndi stöðu leiðtoga Verkamannaflokksins og forsætisráðherra Bretlands til ársins 2007 eða



lengur en nokkur annar forsætisráðherra á Bretlandi.

Meðan á valdatíma Blairs stóð færði hann Verkamannaflokkinn nær miðju og nefndi stefnubreytinguna nýja Verkamannaflokkinn ýmsum vinstrisnum innan flokksins þvert um geð. Þá leiddi hann flokkinn til sigurs í þremur þingkosningum á þessu tímabili.

Undir lok stjórnarsetu sinnar sætti Blair mikilli gagnrýni meðal annars vegna þátttöku Breta í Íraksstríðinu og vinsældir hans og Verkamannaflokksins dvínuðu. Blair fól Gordon Brown völdin.
Heimild: wikipedia.org

MERKISATBURÐIR

- 1456 Umsátrið um Belgrad.
- 1808 Sveitalögreglu Íslands komið á með tilskipun og hreppstjórar gerðir að lögregluþjónum.
- 1846 Sigurður Breiðfjörð, eitt helsta rímnaskáld nútíðar aldar, andast í Reykjavík 48 ára að aldri.
- 1914 Sigurður Eggerz verður Íslandsráðherra og situr í tíu mánuði.
- 1936 Á Breiðdalsvík rekur á land sverðfisk, en slíkar skepnur eru fáséðar norðar en við England.
- 1963 Skálholtskirkja vígð við hátíðlega athöfn. Þar koma saman 80 prestar, prófastar og biskupar.
- 1987 Héðinn Steingrímsson vinnur heimsmeistaramót tólf ára og yngri í skák.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Stórkostlegur árangur

„Þetta er ekkert annað en stórkostlegur árangur fyrir Íslendinga og íslenska hugbúnaðarframleiðslu, fyrir utan heildurinn sem hlýst af því að skjóta öllum samkeppnisaðilunum í Evrópu ref fyrir rass,“ segir Halldór J. Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi, náins samstarfsaðila upplýsingafyrirtækisins LS Retail sem var nýverið útnefnt hugbúnaðarframleiðandi ársins í Vestur-Evrópu á Microsoft World Wide Partner ráðstefnunni í New Orleans.

LS Retail hefur í núverandi mynd starfað frá árinu 2007 og á þeim tíma hannað fjölda viðskiptalausna fyrir Microsoft og önnur fyrirtæki. Meðal lyklatríða sem horft var til við útnefninguna voru framúrskarandi árangur í sölu, afbragðsgóð sérfræðipækking á vörum og þjónustu Microsoft Dynamics og mikil ánægja viðskiptavina. Cesar Cernuda, einn af aðalstjórnendum Microsoft International, sagði á ráðstefnunni í New Orleans að LS Retail væri dæmi um farsælan samstarfsaðila sem einbeitti sér að tilteknum geira og hefði náð að bæta við sig yfir 200 viðskiptavinum í honum á síðasta ári. Nú væru lausnir þess uppsettar í 132 löndum og þýddar á 33 tungumál. En hvaða þýðingu hefur útnefningin?

„LS Retail á eftir að fá enn meiri athygli. Hún sýnir að hægt er að sérhæfa sig á þröngu sviði og ná góðum árangri,“ segir Halldór og bætir við að sjaldan hafi verið eins annasamt hjá LS Retail og nú, þar sem 90 prósent tekna sé í gjaldeyrstekjum. „Þeir geta verið virkilega stoltir af árangrinum,“ bætir hann við.



HEIÐUR Doug Kennedy frá Microsoft, Carsten Wulff, umsjónarmaður samstarfsaðila LS Retail, Gunnar Björn Gunnarsson, framkvæmdastjóri LS Retail, Cesar Cernuda og Sveinn Áki Lúðvíksson, sölustjóri LS Retail.



VIÐ KIRKJUNA Séra Gunnar Kristjánsson, prófastur á Reynivöllum í Kjós, hefur búið á Reynivöllum í þrjátíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

REYNIVALLAKIRKJA: HUNDRAÐ OG FIMMTÍU ÁRA Á ÁRINU

Kirkja á fornri þjóðbraut

„Hér á Reynivöllum hafa verið kirkjur frá fyrstu tíð en kirkjan sem nú stendur á jörðinni var byggð árið 1859 og er því hundrað og fimmtíu ára,“ segir séra Gunnar Kristjánsson prófastur á Reynivöllum í Kjós.

„Hér í Kjósinni og á Kjalarnesinu voru landnámsmenn kristnir og til dæmis eru heimildir í Landnámu um fyrstu kirkju á Íslandi á Esjubergi,“ segir Gunnar. Hann segir þó ekki til nákvæmar heimildir um hvenær fyrsta kirkjan var byggð á Reynivöllum en kirkjunnar sé þó getið í málögum annarra kirkna í kringum árið 1200.

„Kirkjan var í þjóðbraut, helguð Maríu guðsmóður og tengd Maríuhöfn í Hvalfirði sem var helsta hafskipahöfn á landinu á miðöldum. Hingað komu hafskipin og síðan var greið leið austur á Þingvöllum og í Skálholt,“ útskýrir Gunnar en þá fóru ferðalangar um hlaðið á Reynivöllum. „Á miðöldum var hér stór kirkja, tveir prestar

og mikil byggð,“ segir hann.

Séra Gísli Jóhannesson var prestur og kirkjuhaldari á Reynivöllum þegar nýjasta kirkjan var byggð. Yfirsmiður hennar var Einar Jónsson frá Brúarhrauni sem þótti að sögn Gunnars framúrskarandi smiður en hann byggði meðal annars Útskálakirkju og var einn helsti forsmiður í Reykjavík á sinni tíð.

Séra Gunnar segir sögu kirknanna á Reynivöllum hafa verið farsæla. „Gengið hafa snjóflóð og aurskriður yfir Reynivelli og til dæmis lagðist bærin í rúst á sautjándu öld en kirkjuna sakaði aldrei,“ segir hann og bætir við að Reynivallakirkja í dag sé sú fyrsta sem stangi uttan við kirkjugarðinn. Allar fyrri kirkjur hafi staðið í garðinum sjálfum.

Gunnar hefur búið ásamt fjölskyldu sinni á Reynivöllum í þrjátíu ár. „Við ætluðum bara að vera stutt en höfum íflengst hér,“ segir hann en það er til marks um hversu gott er að búa á

Reynivöllum að tiltölulega fáir prestar hafa þjónað í kirkjunni í gegnum tíðina. Séra Þorkell Bjarnason var prestur á eftir séra Gísla. Hann þótti merkur prestur, var þingmaður um tíma, var fræðsi- og framkvæmdamaður og gerði tilraunir með fiskeldi. Séra Halldór Jónsson var síðan prestur á Reynivöllum í hálfu öld frá árinu 1900. „Hann var mikill hugsjónamaður, tónskáld, skógræktarfrömuður og oddviti í áratugi,“ segir Gunnar en aðeins fjórir prestar hafa þjónað í Reynivallakirkju á tuttugustu öldinni.

„Við kunnum vel við okkur hér enda fallett í Kjósinni. Þó er þetta fámenn sókn og hefur minnkað í gegnum árin. Þegar kirkjan var byggð fyrir 150 árum voru þrefalt fleiri búar í sókninni en eru núna,“ segir hann.

Í tilefni afmælis kirkjunnar er ætlunin að halda afmælishátíð í lok ágúst. Þá verður hátíðarguðsþjónusta í kirkjunni og hátíð að henni lokinni í Félagsgarði í Kjós.

solveig@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástæra föður, tengdafaður, afa og langafa,

Halldórs M. Ólafssonar

Sólvangi, Hafnarfirði, áður Hlíðarvegi 14, Ísafirði,

Guðrún Halldórsdóttir
Ólafur Halldórsson
Björg Sörensen

Hálfdán Hauksson
Valgerður Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi

Flemming Holm

Hverafold 2, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 22. júlí kl. 13. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnst hans er bent á líknarstofnanir.

Jón Hólm
Jakob Hólm
Jórunn G. Hólm
Gunnar Hólm
Flemming Þór Hólm
barnabörn og barnabarnabörn

Gréta Jóhannsdóttir

Lise K. Sörensen
Aðalheiður K. Jurado

Fallegur Ferguson

Talið er að allt um 400 manns hafi tekið þátt í Ferguson-deginum sem var haldinn á Hvanneyri á laugardag, en 60 ár eru liðin síðan Ferguson-dráttarvélar voru fyrst teknar í notkun á Íslandi.

Alls voru 30 vélar af öllum stærðum og gerðum og frá ýmsum tímabilum til sýnis, þeirra á meðal vél sem bóndinn á Gilsbakka í Hvítársíðu eignaðist fyrir 60 árum.

Þá voru ýmsar uppákomur í tengslum við daginn, svo sem feegurðsamkeppni um þrjár best uppgerðu

Ferguson-dráttarvélar. Viðurkenningarnar fyrir þær hlutu Albert Baldursson með Ferguson frá Páfastöðum í Skagafirði, TE-A20 árgærd 1952, Magnús Ingimarsson með Ferguson frá Kjalardal í Borgarfirði, TE-A20 árgærd 1954 og Þóður Stefánsson með Massey-Ferguson frá Arnheidarstöðum í Borgarfirði, MF-135 árgærd 1974.

Hver hlaut í viðurkenningarskyni bók Bjarna Guðmundssonar á Hvanneyri, ...og þá kom Ferguson, sem kom út samdægurs.



AFMÆLI Ferguson-dráttarvélar komu fyrst til landsins fyrir 60 árum.

MYND/BÚVÉLASAFNIÐ HVANNEYRI

800 7000 • siminn.is

Tónlist.is
Skráðu þig á
siminn.is



Milljónir laga í símann og tölvuna án þess að borga krónu aukalega!

Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.** Þar geta þeir hlustað á upphaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara upphaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

*Streymi á erlendi tónlist um ADSL internetþjónustu flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.

**Viðskiptavinir í GSM áskrift, Minu Frelsi eða ADSL internetþjónustu. Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn



NOKKUR ORÐ
Sara
McMahon

Að deila heimsálfu með öðrum

Þegar maður deilir heimili með öðrum, hvort sem það er með fjölskyldu eða vinum, þá verða menn að sýna hver öðrum tillitssemi og stundum svolitla eftirlátsssemi til að sambúðin gangi vel. Kostirnir við að halda heimili með öðrum eru margir, vinnuálag minnkar á hvern og einn, sömuleiðis fjárhagsleg útgjöld, menn hafa félagsskap hver af öðrum og mörgum þykir þeir öruggari svona saman heldur en að búa einir.

Nú vill svo til að Íslendingar deila heimsálfu með öðrum Evrópuþjóðum. Þessar þjóðir reka í sameiningu heimili sem hugsa þarf um. Nýlega var ákveðið að íslenska ríkistjórnin skyldi hefja viðræður um aðild að Evrópusambandinu, sambandi sem við höfum hingað til vilja standa fyrir utan. Mér þykir sjálfsagt að kanna landið áður

en menn lýsa sig með eða á móti sambandsaðild. Það er þó næstum víst að Íslendingar verða bæði að vera staðfastir, eftirlátir og kurteisir ef samningar sem allir geta sæst á eiga að nást. Ekki ólíkt því þegar semja þar um uppvask og gólfþvott.

Margir hafa einnig haft áhyggjur af því að við munum missa þjóðareinkenni okkar ef við göngum inn í Evrópusambandið. Ég tel litlar líkur á því, hver fjölskyldumeðlimur hefur sinn persónuleika þrátt fyrir að vera hluti af stærri heild. Ég hef verið búsett í Austurríki, Danmörku, Írlandi og Bretlandi síðustu ár og get ekki sagt að ég hafi orðið vör við að þær þjóðir misstu þjóðareinkenni sín við það eitt að vera hluti af stærri heild. Mér finnst Danir ekkert minna danskir núna en þeir voru árið 1993.

Ég vona að samningarnir verði skoðaðir af skynsemi áður en við ákveðum að sitja þrjóska við okkar keip.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> Kári samdi við Plymouth

Miðjumaðurinn Kári Árnason er formlega orðinn leikmaður Plymouth á Englandi. Liðið leikur í ensku B-deildinni, en Kári fór til reyngu til félagsins eftir að verða laus allra mála hjá AGF í Danmörku.



sport sport@frettabladid.is

JÓNAS GUÐNI SÆVARSSON: Á LEIÐ TIL GRIKKLANDS OG STEFNIR ÞAÐAN BEINT TIL SVÍPÞÓÐAR

Leikur líklega síðasta leikinn fyrir KR í Grikklandi

„Ég er mjög sáttur við það sem þeir höfðu að bjóða mér,“ segir Jónas Guðni Sævarsson, fyrirlíði KR, sem náði í gær samkomulagi við sænska félagið Halmstad.



sem ætti að koma þeim á óvart,“ sagði Jónas Guðni sem kíkti út til Svíþjóðar í byrjun júní og lék einn leik með varaliði félagsins.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir mig. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er blóðtaka fyrir KR og það er alltaf erfiðara að fara svona á miðju tímabili.

„Það eru ákveðin smáatriði sem þarf að leysa. En stundum er það þannig að sum smáatriði geta orðið dálítið stór. Við erum samt að reyna að klára málið.“

0-1 Valur Fylkir

Vodafonevöllur, áhorf.: 1.154 Valgeir Valgeirsson (5)

TÖLFRÆÐIN
Skot (á mark) 7-12 (5-7)
Varin skot Haraldur 5 - Fjalar 5
Horn 8-3
Aukaspjurnur fengnar 13-7
Rangstöður 2-3

VALUR 4-4-2 FYLKIR 4-3-3
Haraldur Björnsson 5 *Fjalar Þorgeirs. 7
Steinþór Gíslason 5 Andrés M. Jóhannes. 7

ÚRSLIT

Pepsi-deild karla
Próttur-Breiðablik 4-0
1-0 Dennis Danry (18.), 2-0 Haukur Páll Sigurðsson (34.), 3-0 Morten Smidt (55.), 4-0 Haukur Páll Sigurðsson (74.).

Fylkir lagði Val öðru sinni í sumar

Fjalar Þorgeirsson sá til þess að Fylkismenn tóku öll stigin á Vodafone-vellinum í gærkvöld. Varamaðurinn Kjartan Andri Baldvinsson skoraði eina mark leiksins þegar um stundarfjórðungur lifði leiks.

FÓTBOLTI Fylkir sigraði Val, 1-0, í annað sinn á tímabilinu í miklum baráttuleik á Vodafone-vellinum í gærkvöld þar sem fátt gerðist þar til 20 mínútu voru til leiksloka.

Fylkismenn sköpuðu sér tvö færi í fyrri hálfleik en í bæði skiptin bjargaði Reynir Leósson því að Fylkismenn skorðu.

Valsmenn byrjuðu síðari hálfleikinn með góðri sókn en leikurinn datt í sama farið aftur þar til á 70. mínútu þegar Valsmenn sköpuðu sér þrjú færi á skömmum tíma en fundu ekki leiðin fram hjá Fjalar Þorgeirssyni í markinu sem stóð vaktina vel þrátt fyrir að hafa haft lítið að gera í markinu fram að því í leiknum.

„Þetta er hlutverk markmannsins, maður veit aldrei hvenær maður þarf að taka á honum stóra sínum. Það er eitt af okkar hlutverkum. Maður þarf að vera á tánun í 90 mínútu því maður veit aldrei hvenær liðið þarf á manni að halda,“ sagði Fjalar.

„Ég bjóst við að þetta yrði stál í stál eins og þetta var. Valur var meira með boltann en við fengum færi í fyrri hálfleik til að komast yfir og nýttum það ekki. Við klíndum þessu einhvern veginn

inn í síðari hálfleik. Frábær sigur og kommir í þriðja sætið sem er frábært,“ sagði Fjalar að lokum.

Fylkismenn skora skömmu eftir að Valsmenn þyngja sóknina og skapa sér áður nefnd færi en Kjartan Andri var fljótastur að bregðast við eftir að Haraldur Björnsson varði slakt víti Vals Fannars Gíslasonar.

„Mér fannst við vera með þá áður en þeir skora eftir ódyrt víti. Þeir refsuðu okkur fyrir okkar einu mistök en við refsuðum þeim ekki,“ sagði Reynir Leósson, miðvörður Vals, sem var ákaflega ósáttur við Valgeir Valgeirsson dómara leiksins.

„Mér fannst dómgaellan í leiknum skelfileg. Hann stoppar hjá okkur fjögur upphlaup þegar þeir liggja meiddir og svo virðist vera lítið að þeim. Það hefur mikil áhrif á okkar leik. Ég ætla halda því til haga hvaða kenningar ég hef fyrir því að þetta hafi verið svona,“ sagði Reynir en Valgeir er frá Akranesi og er frændi Ólafs Þórðarsonar, þjálfara Fylkis, en bæði lið geta kvartað yfir nokkrum dómum í leiknum.

LOK, LOK OG LÆS Markvörðurinn Fjalar Þorgeirsson átti stóran þátt í glæsilegum sigri Fylkis gegn Val að Hlíðarenda í gærkvöld.



Botnlið Próttar gerði sér lítið fyrir og rúllaði yfir Breiðablik: Próttarar hrukku í gírinn

FÓTBOLTI „Það var kominn tími til að við myndum lifna við herna á heimavelli. Loksins voru hlutirnir að falla með okkur. Blíkarnir fengu dauðafæri sem Sindri varði vel og áttu svo skalla í slá í fyrri hálfleik en eftir það voru þeir ekkert að skapa sér neitt og við miklu líklegri,“ sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Próttar, sem gerði sér lítið fyrir og kafsígldi Breiðablik 4-0 á heimavelli sínum í gær. Þetta var annar sigur Próttar í sumar. Með þessum sigri komst liðið upp úr botnsæti og er nú í ellefta sætinu með átta stig. Breiðablik er í áttunda sæti deildarinnar, sjö stigum ofar.



inn Dusan Ivkovic var mjög sterkur og Sam Malsen sprækur. „Dusan þekkti varla nöfnin á leikmönnum enda bara búinn að mæta á eina æfingu fyrir leikinn en stóð sig mjög vel,“

svo var Sam frískur.“ Dennis Danry kom Prótturum á bragðið og Haukur Páll Sigurðsson bætti síðan við öðru marki eftir skelfileg mistök Sigmars Inga Sigurðssonar í marki Breiðabliks. Ingvar Kale á enn við meidsli að stríða og var Sigmar virkilega öruggur í leiknum og vörnir fyrir framan hann lítið skárri. Menn gerðu sig seka um

slæm mistök í sífellu. Haukur og Morten Smidt bættu síðan við mörkum fyrir heimamenn í seinni hálfleik. Báðir áttu þeir góðan leik en besti leikmaður vallarins var hinsvegar miðjumaðurinn Rafn Andri Haraldsson. Rafn barðist eins og ljón og vann gríðarlega vel fyrir liðið.

BRAUT ÍSINN Daninn Dennis Danry kom Prótturum á bragðið á Valbjarnarvelli í gær með skallamarki.

„Við vorum agalausir varnarlega,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. „Dekkningin hjá okkur var mjög laus og svo voru menn ekki einbeittir í þeim færum sem þeir fengu. Við verðum að kafa aðeins ofan í það hvað menn voru að hugsa og hvernig undirbúningur manna var fyrir leikinn. Það má segja að leikaðferð Próttar hafi gengið fullkomlega upp, sérstaklega í fyrri hálfleik. Við vorum teknir í bólinu,“ sagði Ólafur.

Prótturum hefur gengið virkilega illa á tímabilinu en í gær var gríðarlegur kraftur í liðinu og bitið í sóknarleik þeirra var mun meira en hjá Blíkum sem voru oft ansi fyrirsjáanlegir í sínum aðgerðum. Allt annað var að sjá til Próttarliðsins heldur en í fyrri leikjum og aldrei að vita nema þessi leikur hafi verið byrjunin á einhverju nýju hjá liðinu.

— egm

Gorenje ísskápur
RK60358DW
Hvítur.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihólfs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Bráðunartími við straumrof: 18 klst.
Frystigetá: 4 kg/dag.
Mál (BxHxD): 180x60x64 cm.
Verð 142.900
RÖNNING
Reykjavík • Skútuvegur 1 • Sími 562 4011
Reyðarfjórður • Nesbraut 9 • Sími 470 2020
Akureyri • Draupnigsgata 2 • Sími 460 0800

PRÍÐJUDAGSBIÓ Í SAMBÍÖUNUM Í DAG KR. 500

„Dazzlingly well made...“ „Hún var FRÁBÆR!“

Variety - 90/100 New York Magazine - 90/100

STÆRSTA BIÓOPNUN ÁRSINS, YFIR 20.000 GESTIR TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!

MYND SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

brüno

SMÁRÁBIÓ	ÁLFABAKKA	SMÁRÁBIÓ	KRINGLUNNI
HARRY POTTER 6 trygguðu þér miða í tíma! kl. 1-2D - 4-5D - 7-8D - 10:10 - 11:10D	10	HARRY POTTER 6 kl. 2D - 5D - 8D - 10D - 11:10D	10
HARRY POTTER 6 kl. 2-5-8-11:10 Óríða sæti laus VIP	VIP	BRUNO kl. 6D - 8D - 10:10 - 12	14
BRUNO kl. 2-4-6-8-8:30-10:10-10:30-12:10	14	ÍSÖLD 3 m/vsl. tali kl. 2(3D) - 4(3D)	L
THE HANGOVER kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:20	12	THE HANGOVER kl. 2-4-6-8	12
TRANSFORMERS 2 kl. 2-5	10	SMÁRÁBIÓ	AKUREYRI
		HARRY POTTER 6 kl. 5-8-11	7
		TRANSFORMERS 2 kl. 5	12
		BRUNO kl. 8-10	14

PRÍÐJUDAGSBIÓ Í SAMBÍÖUNUM Í DAG KR. 500

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BIÓ!

BALLS OUT 500kr. Frábær gamanmynd með Seann William Scott úr American Pie og Dude Where's My Car?

B13 ULTIMATUM 500kr. Stórskemmtileg samarmynd uppfyll af gáskafullum atriðum og grófum húmor.

ÍSÖLD 3 500kr. MISIÐ EKKI AF STÆRSTU OG SKEMMTILEGSTU TEIKNIMYND ÁRSINS OG NÚNA LIKA Í 3-D

THE HURT LOCKER 500kr. Þetta er lítil kraftaverkasaga, segir Heimir Sverrisson kvikmyndagerðarmaður um heimildarmynd sem hann vinnur að. Myndin fjallar um Suyash, götustrák og fyrrverandi heróínfíkil, sem opnaði meðferðastöð í Kathmandu, höfuðborg Nepal, með hjálp frá bandarískum áfengisráðgjafa og íslenskum lækni.

MY SISTERS KEEPER 500kr. Þetta byrjaði þannig að Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vog, fór til Nepal í gegnum sam-tökin Recovery Without Borders, til að aðstoða Suyash við rekstur meðferðarheimilisins. Ég frétti svo af þessum unga manni og starfi

SMÁRÁBIÓ Sími 564 0000

BALLS OUT	kl. 3:40-5:50-8-10:10	12
THE HURT LOCKER	kl. 8-10:45	16
ICE AGE 3 3D ISLENSKT TAL	kl. 8-10:10 D (850kr.)	L
ÍSÖLD 3 3D ISLENSKT TAL	kl. 3:30-5:45 D (850kr.)	L
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/VSL. TEXTA	kl. 3:30-5:45	L
ÍSÖLD 3 ISLENSKT TAL	kl. 3:30-5:45	L
TRANSFORMERS 2	kl. 8-11	10
TRANSFORMERS 2 LÚXUS	kl. 5-8-11	10

HÁSKÓLA BIÓ Sími 530 1919

B13 - ULTIMATUM	kl. 5:50-8-10:10	16
MY SISTERS KEEPER	kl. 5:40-8-10:20	12
ÍSÖLD 3 ISLENSKT TAL	kl. 5:50-8	L
YEAR ONE	kl. 10:10	7
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 5:45-8	7
ANGELS & DEMONS	kl. 10:15	14

REGNBÖGINN Sími 551 9000

ÓDÝRT Í BIÓ!

BALLS OUT	kl. 5:50-8-10:10	12
THE HURT LOCKER	kl. 8-10:35	16
ÍSÖLD 3 ISLENSKT TAL	kl. 5:50	L
ICE AGE 3 ENSKT TAL M/VSL. TEXTA	kl. 5:50-8-10:10	L
GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST	kl. 8-10:15	7
YEAR ONE	kl. 5:45	7

NÝTT Í BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

500 KR Á ALLAR MYNDIR (ATH! GILDIR EKKI Á MYNDIR Í 3D)

FLÖTTASTA HASARMYND SUMARSINS

LAUGARAS BIÓ Sími: 553 2075

HARRY POTTER - POWER	kl. 4, 7 og 10	10
MY SISTER'S KEEPER	kl. 8 og 10,15	12
ÍSÖLD 3 - 3D - IsleNSkt tal	kl. 4	L
ÍSÖLD 3 - IsleNSkt tal	kl. 4	L
TRANSFORMERS 2	kl. 7 og 10	10

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Príðjudagur 21. júlí 2009

→ Menningardagskrá

12.00 Sænskir dagar og Mærudagar á Húsavík standa yfir til 26. júlí. Frekari upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins, nordurthing.is

→ Tónlist

20.30 Claudia Kunz sópran og Ulrich Eisenlohr, pianóleikari frá Þýskalandi, spila á samtónleikum í Listasafni Sigurjóns. Aðgangseyrir 1500 krónur.

21.00 Hljómsveitin Hjólabandið heldur tónleika á Classic Rock, Ármúla 5.

21.00 Guðrún Gunnarsdóttir flytur lög sænska tónlistarmannsins Cornelis Vreeswijk ásamt Hljómsveit á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð 1500 krónur.

→ Myndlist

10.00 Jón Baldvinsson sýnir málverk sín í Perluinni.

10.00 Samsýning mæðgina á Cafe Loka, Lokastíg 28. Ljósmyndir og málverk.

10.00 Stella Sigurgeirsdóttir sýnir ljósmyndasýninguna Dagstofu á Mokka.

11.00 Elsa Björg Magnúsdóttir og Soffía Gísladóttir sýna Ljósmyndir í lit á Thorvaldsen Bar.

12.00 Samsýning fimm grasrótarlistamanna á Fjótisdalshéraði í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Högglist, myndlist, ljósmyndir, videólist og fleira.

→ Handverk

11.00 Sýning á 24 bútaumsverkum úr samkeppninni Hafíð, Sjóminjasafninu Víkinni, Grandagarði 8.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Belgískt grín

Belgíski atvinnugrínistinn Lieven Scheire skemmtir á Batteríinu á fimmtudagskvöld. Auk hans flytja Rökkvi Vésteinnsson og Sveinn Waage uppistand á ensku. Scheire er með eigin sjónvarpsþátt í Belgíu ásamt hljómsveit sinni, Neveneffecten og vann The Luneatics Award, belgísk uppistandsverðlaun árið 2002. Árið 2000 var Scheire í skiptinámí á Íslandi og kynntust þeir Rökkvi þá. Þeir hafa áður staðið fyrir uppistandi á Íslandi, árið 2006. Lieven verður einnig með spunaileiklistarnámsskeið í Hínu húsinu næsta laugardagskvöld. Dagskráin hefst klukkan níu og kostar þúsund krónur inn.

-kbs



MÖGNUM SAGA FÍKILS

Kvikmyndagerðarmaðurinn Heimir Sverrisson, til vinstri, vinnur nú að mynd um nepalskan götustrák sem segir skilið við heróínneyslu og stofnar meðferðarheimili í höfuðborg landsins. Fíkillinn, sem heitir, Siuyash ákvað að auðveldast væri fyrir hann að halda sjálfum sér á beinu brautinni ef hann hjálpaði öðrum fíklum. Heimir fer til Nepal í haust til að ljúka tókum á myndinni.



Kraftaverkasaga heróínfíkils

Heimir Sverrisson kvikmyndagerðarmaður vinnur að nýrri heimildarmynd sem fjallar um líf götustráksins Suyash sem stofnaði meðferðarheimili í höfuðborg Nepal.

„Þetta er lítil kraftaverkasaga,“ segir Heimir Sverrisson kvikmyndagerðarmaður um heimildarmynd sem hann vinnur að. Myndin fjallar um Suyash, götustrák og fyrrverandi heróínfíkil, sem opnaði meðferðastöð í Kathmandu, höfuðborg Nepal, með hjálp frá bandarískum áfengisráðgjafa og íslenskum lækni.

„Þetta byrjaði þannig að Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vog, fór til Nepal í gegnum samtökin Recovery Without Borders, til að aðstoða Suyash við rekstur meðferðarheimilisins. Ég frétti svo af þessum unga manni og starfi

hans í Kathmandu frá vinkonu minni sem hafði sótt fyrirlestur hjá Valgerði um meðferðarheimilið og þar með var áhugi minn vakinn. Það eru um 80-100 þúsund sprautufíklar í Kathmandu og um níutíu prósent þeirra eru HIV-smitaðir, þannig að þetta er stórt og mikið verkefni sem Suyash hefur ráðist í,“ segir Heimir.

Saga Suyash er að mörgu leyti ótrúleg. Fjölskylda hans rak hann á dyr þegar hann byrjaði í neyslu og í sjö ár bjó hann á skítugum götum í „Toilet“-hverfinu í Kathmandu. „Hverfið er það allra fátækasta í borginni. Þar býr fjöldi munaðarlausra barna sem mörg hver frjóska til dauða í frosthörkunum á veturna. Mansal og vændi eru stórt vandamál í landinu og HIV er orðið það útbreitt að því hefur verið lýst sem faldalri og ástandið fer versnandi ár frá ári. Vendipunkturinn í lífi Suyash varð þegar kofinn hans brann stuttu eftir að hann hafði lent í höndunum

á glæpamönnum sem höfðu ráðist á hann með sveðju. Hann hætti í neyslu en ákvað að til að ná fullkomnum bata yrði hann að hjálpa öðrum. Hann stofnaði meðferðarheimili og stuttu seinna voru tuttugu og þrjú sjúklingar fluttir þangað inn til meðferðar. Gallinn var bara sá að Suyash vissi ekki hvernig átti að fara að og leitaði hjálpar hjá Jake Epperly, áfengisráðgjafa í Chicago, sem leiðbeindi honum í gegnum bréfaskriftir. Síðan þá hefur meðferðarheimilið stækkað og með fjármagni og aðstoð sjálfboðaliða hefur einnig verið hægt að koma á laggirnar meðferðarheimili fyrir konur.

Undirbúningur fyrir tókur á heimildarmyndinni eru komnar vel á veg og mun Heimir halda aftur til Nepal í haust ásamt Árna Ben, hljóðmanni, og ljúka tókum. Þeim sem vilja kynna sér söguna um Suyash betur er bent á síðuna www.keepcomingbackfilm.com.

sara@frettabladid.is

Hljómsveitir hætta aldrei

Það er stundum sagt að hljómsveitir hætta aldrei, þær taki sér bara mislöng frí frá störfum. Þær tvær plötur sem hér eru til umfjöllunar styðja þá kenningu. Vonbrigði var ein af lykilsveitum íslenska pönksins og 1980 bylgjunnar, en Langi Seli & Skuggarnir voru stofnaðir á rústum hinnar goðsagnakennu sveitar Oxzmá og störfuðu á árunum 1988 - 1994. Báðar hafa nú verið endurvaktar.

Tapír er önnur plata Vonbrigða eftir að sveitin kom fram á nýjan leik snemma á nýrri öld. Hin fyrri, Eðli annarra, kom út 2004 og hafði að geyma nýjar upptökur af gömlum lögum, en á Tapír eru ný lög. Ég verð að viðurkenna að Tapír olli mér vonbrigðum. Lagasmíðarnar eru ekki nógu sterkar og hljómsveitin hefur glatað ýmsu af því sem gerði hana sérstaka án þess að eitthvað annað spennandi hafi komið í staðinn. Hún er enn drullubétt og það glitir í sníldina í flutningnum, en það er of mikið af ofnotuðum riffum og of lítið af nýjum hugmyndum. Ekki vond plata, en hún stendur ekki undir væntingunum sem í mínu tilfelli voru miklar.

Langi Seli skilgreindi einhvern tímann tónlistina sína sem endur-teinnarokk. Það er réttnefni. Tón-



TÓNLIST

Drullukalt

Langi Seli & Skuggarnir

★★★★

Rokkabilí Sela og félagi er sígilt og kemur manni í gott skap.



TÓNLIST

Tapír

Vonbrigði

★★★

Þrátt fyrir góð tilþríf þá stenst Tapír ekki væntingar.

er eins og svipmyndir úr hversdagslífinu, - einn dagur tekur við af öðrum. Nöfn laganna Ryk og sól, Haustið, Á góðum degi, Drullukalt og Rigning og rok segja allt.

Þetta er fín plata sem kemur manni í gott skap. Löggin eru góð, hljómurinn fluttur og hljóðskreytingar Gísla Galdurs eru mátulega lágt í mixinu til að setja svip án þess að yfirtaka klassíkina.

Trausti Júlíusson

12

Wii

PC

Nintendo DS

NINTENDO DS

PlayStation

XBOX 360

XBOX LIVE

Harry Potter

AND THE HALF-BLOOD PRINCE™

HARRY POTTER
LEIKURINN ER
KOMINN!

**SENDU SMS EST HARRY
Á NUMERID 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!**

VINNINGAR: NÝIR OG GAMLIR HARRY POTTER LEIKIR · AÐRIR TÖLVULEIKIR
BÍÓMIÐAR Á HARRY POTTER · FULLT AF GOSI OG ÖÐRUM AUKAVINNINGUM



Allt er orðið brjálað í heimi Potter og þurfa leikmenn að bjarga því sem bjargað verður.
Hér geta leikmenn búið til sína eigin galdra, keppt í Quidditch og barist í spennandi
einvígum við aðra galdrakarla. **Harry Potter hefur aldrei verið ferskari.**

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með þátttöku ertu kominn í SMS klúbb.



ELKO

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

'Till Death

Brad Garrett snýr aftur í hressilegri gamanþáttaröð sem gerði góða hluti á Stöð 2 þegar hún var fyrst sýnd á síðasta ári. Garrett leikur sem fyrr fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tókst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem oft og iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón líta hjónabandið, samskipti kynjanna og tilgang lífsins.



VIÐ MÆLUM MED

Illt blóð Sjónvarpið kl. 22.25

Breskur spennumyndaflokkur byggður á sögum eftir Val McDermid. Robson Green leikur sálfræðinginn dr. Tony Hill sem er lögreglunni til aðstoðar við að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál. Morðingjarnir sem Tony er vanur að hafa afskipti af eru yfirleitt tryggilega geymdir á bak við lás og slá en þeir sem hann á í höggi við núna ganga lausir og eru engin lömb að leika sér við.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunfrúin	15.25 Þriðjudagsdjass
06.40 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
07.03 Morgunfrúin - heldur áfram	16.10 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
08.11 Morgunfundur með Ellen Kristjánsdóttur	17.03 Viðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	18.50 Dánarfregnir
10.13 Óvissuferð - allir velkomnir	19.00 Á sumarvegi
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútlarp	20.30 Summarraddir
12.20 Hádegisfréttir	21.20 Djassveisla í 20 ár
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Á sumarvegi	22.15 Kvöldsagan: Sólon Islandus
14.03 Drottning hundadaganna	23.00 Gatan mín
15.03 Útlarpssagan: Ljósíð í vatninu	23.35 Kvöldtónar
	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.45 Hollyoaks (236:260)
- 17.15 Hollyoaks (237:260)
- 17.40 The O.C. 2 (4:24) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
- 18.25 Seinfeld (9:22)
- 18.45 Hollyoaks (236:260)
- 19.15 Hollyoaks (237:260)
- 19.40 The O.C. 2 (4:24)
- 20.25 Seinfeld (9:22)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.20 Ísland í dag
- 21.40 The Loop (4:10) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en líf hans verður oft ansi óviðráðanlegt þar sem yfirmaður hans er brjálæðingur og gerir óeðlilegar kröfur til hans í vinnunni. Heimilisáðstæðumar eru einnig nokkuð skratlegar þar sem hann býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra og vilja þau stunda samkvæmislífið aðeins meira en Sam ræður við.
- 22.05 So You Think You Can Dance (10:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð.
- 23.30 So You Think You Can Dance (11:23)
- 00.15 Entourage (10:12)
- 00.45 Sjáðu
- 01.15 The Loop (4:10)
- 01.40 Fréttir Stöðvar 2
- 02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.00 Only Fools and Horses 10.30 Absolutely Fabulous 11.00 Only Fools and Horses 11.30 Absolutely Fabulous 12.00 My Family 12.30 Blackadder Goes Forth 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 My Family 15.15 Blackadder Goes Forth 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Family 18.30 Blackadder Goes Forth 19.00 Saxondale 19.30 Little Britain 20.00 Waking the Dead 20.50 Coupling 21.20 Little Britain 21.50 EastEnders 22.20 The Weakest Link 23.05 Waking the Dead 23.55 Saxondale

DR 1

10.40 Forandring på vej 11.10 Prinsesse Diana - de sidste dage 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Flight 29 savnes! 13.20 Mosegise i køkkenhaven 13.30 SommerSummerum 13.35 Svampebob Firkant 13.55 SommerSummerum 15.05 Trolddomsæsken 15.30 Lille Nord 16.00 Supernabo 16.30 TV Avisen med Sport 16.55 SommerVeiret 17.00 DR1 Dokumentaren - Ej blot til lyst 18.00 Så for sommer 18.30 Onskehaven 19.00 TV Avisen 19.25 SommerVeiret 19.35 Aftentour 2009 20.00 S.O.S. Poseidon kalder 21.25 Kodenavn Hunter 22.25 Dodens detektiver 22.50 Seinfeld

NK1

10.30 Norge rundt jukeboks 11.30 Sport Jukeboks 12.30 Svið gull jukeboks 13.45 Fær og sønner 15.20 Litt som deg 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelmysteriene 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Grønn glede 17.55 Skjergardsmat 18.25 Kjære dagbok 1972 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Extra-trekning 20.30 Skilt! 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hustruer og ekte-menn 23.00 Si ja, bli min 23.30 Jazz jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Författarporträtt 10.30 Med huvudduk och höga klackar 11.00 På tunn is 11.35 Singoalla 13.15 The Bedford Diaries 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Anslagstavlan 15.00 Simning 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 AnnelMat 16.45 Så såg vi sommaren då 16.55 Simning 17.30 Rapport 17.50 Regionala nyheter 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Morden i Midsomer 20.35 Norsk attraktion 21.05 Det nya landet 22.05 1800-talet ut-och-in 22.45 Sändningar från SVT24

ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM

Armani D&G Joop! Prada Stenströms Schumacher Eton



sævar karl • reykjavík

bankastræti 7 101 reykjavík sími 551 3470

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er að vinna á bíl svona á daginn þannig það er frekar misjafnt, til dæmis FM957, Bylgjan, Rás 2 og Gull 909.“

Halldór Óskarsson, rafvirki hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Tryggður en fær tjónið ekki bætt

Listamaðurinn Kristjan Zaklynsky varð fyrir bardúnu á óprúttum aðila um helgina þegar tölvunni hans var rænt af honum á skyndibitastað í miðbæ Reykjavíkur. „Ég og kærasta mín vorum að fara að borga fyrir pitsu-sneidar sem við höfðum keypt þegar einhver rífur af mér tölvutöskuna mína og hleypur burt. Við fengum að skoða upptökur úr öryggismyndavél staðarins en þar sést ekki í þjófinn heldur,“ segir Kristjan. Tölvun var af gerðinni MacBook Pro, með fimmtán tommu skjá og var búið að líma Gogoyoko-límmiða yfir eplið, vörumerki framleiðandans. Tjónið er talsvert því í tölvutöskunni var einnig harður diskur og myndavél. „Harði diskurinn og myndavélin mín voru einnig í töskunni þannig að öll vinna mín síðustu tvö árin er að mestu horfin, en meðal þess var tónlistarmyndband fyrir Pál Óskar, tónlist sem ég hef samið með hljómsveitinni Company B og

teikningar sem ég var að vinna fyrir nokkrar auglýsingastofur.“
Kristjan segist vera tryggður en að hann fái tjónið ekki bætt þar sem honum var hvorki hótad af þjófunum né hlaut líkamleg meiðsl. „Ég er bæði með heimilstryggingu og tækjastryggingu hjá TM, en þeir segjast ekki bæta tjón sem þetta nema að mér hafi verið hótad eða ef ráðist hafi verið á mig, sem er bæði skrítið og skítt. Starfsmaðurinn sem afgreiddi okkur sagði einnig að þau fengju mörg sambærileg mál inn til sín en að þau séu sjaldan bætt.“
Kristjan, sem flytur til New York eftir mánuð, vonast til að tölvun komi í leitirnar og hefur lofað fundarlaunum endurheimti hann gripinn. „Það er hægt að ná í mig í síma 869-6844 eða senda mér póst á kristjanz@gmail.com. Ég væri mjög þakklátur fengi ég tölvuna aftur,“ segir Kristjan að lokum. - sm



RÆNDUR Á ALMANNAFÆRI Kristjan Zaklynsky segir það vera mikinn missi að hafa tapað tölvunni og lofar fundarlaunum komi hún í leitirnar.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. kofi, 6. frá, 8. líða vel, 9. þrí, 11. klaki, 12. tólf, 14. kál, 16. bardagi, 17. púka, 18. bók, 20. á fæti, 21. á kökuru.

LÓÐRÉTT

1. mælieining, 3. mun, 4. eingyðingur, 5. flan, 7. kælir, 10. strá, 13. skáhalli, 15. steintegund, 16. rölt, 19. drykkur.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. vatt, 3. ku, 4. úntari, 5. ára, 18. rí, 20. íl, 21. krem.
LÁRÉTT: 2. skúr, 6. af, 8. una, 9. trí, 11. ís, 12. tylvítt, 14. salát, 16. at, 17. ras, 7. frýstir, 10. íla, 13. flá, 15. tálk, 16. ark, 19. te.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Grænmeti og klósettappír.
- 2 40 ár.
- 3 Stewart Cink.

Takki!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



VIRT ERLEND VERÐLAUN Auglýsingaleikstjórnarnir Samúel Bjarki Pétursson og Gunnar Páll Ólafsson hlutu nýverið hin virtu Telly Awards fyrir auglýsingu sem þeir gerðu fyrir Samsung raftækjarisann.

GUNNI OG SAMMI: HLOTU VIRT VERÐLAUN FYRIR SAMSUNG-AUGLÝSINGU

Ballack færir þeim silfrið

„Síðast voru það Cannes-verðlaunin, sem Vínubúðarmyndin tók og síðan eru það þessi, þannig að þetta gengur vel,“ segir Samúel Bjarki Pétursson auglýsingaleikstjóri. Þeir Gunnar Páll Ólafsson unnu nýverið hin virtu Telly Awards fyrir Samsung-auglýsingu sína með Michael Ballack í aðalhlutverki. Auglýsingin hefur áður unnið til verðlauna, en hún var valin ein af fimmtíu bestu auglýsingum í Bretlandi á síðasta ári, af auglýsingastofum Bretlands. „Sá sem framleiddi auglýsinguna sendi hana inn í keppnina. Þannig að við vissum ekki einu sinni að við værum þátttakendur. En það er gaman að því. Maður verður að reyna að safna einhverjum verðlaunum til að koma sér áfram.“ Telly Awards eru mjög virt

amerísk verðlaun og eru veittar viðurkenningar fyrir allt frá sjónvarpsþáttum til auglýsinga og er keppt í mörgum flokkum. Samsung auglýsingin fékk verðlaun í flokki auglýsingaherferða, „Business-to-Consumer“.
Verðlaunin eru í formi stytta sem er gerð af þeim sömu og gera Óskars-verðlaunastyttuna og Emmy-verðlaunin. „Ég held að það sé ekkert sem heitir gullverðlaun í þessari keppni, maður vinnur silfrið, sem er þessi verðlaunagripur.“ En eins og Íslendingum

er alkunnugt er silfrið best. „Já, við erum í silfurliðunum. En það var voða skemmtilegt að sjá þessi verðlaun detta inn,“ segir Samúel.
En hvað er næst hjá draumateyminu? „Það eru einhverjar íslenskar auglýsingar fram undan og jafnvel einhverjar erlendar, en það er allt á vinnslustigi. Við vorum að klára auglýsingar fyrir Samtök iðnadarins sem koma fyrir sjónir Íslendinga bráðum. Það er smá stund milli stríða núna, aðeins að endurhlaða batteríin. Við erum búnir að vera yfirbókaðir síðan um áramót þannig að það er sem betur fer ekki búin að vera mikil kreppa í þessu.“ Meðal verkefna má nefna risaauglýsingu í Tékklandi fyrir Kozel bjór sem er í eigu SAB Miller, framleiðanda Miller og Grolsch, en Fréttablaðið sagði frá því í maí. Samúel vill ekki staðfesta nein risaverkefni að þessu sinni; „en það er hitt og þetta á borðinu.“



SILFURDRENGUR Michael Ballack, fyrirlíði þýska landsliðsins í knattspyrnu, lék í auglýsingu íslensku leikstjórnanna.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Poppstjarnan **Birgitta Haukdal** og Benedikt Einarsson, eiginmaður hennar, skírðu frumburð sinn á föstudaginn. Hlaut sonurinn nafnið Víkingur Brynj- ar. Drengurinn er skírður í höfuð föður Birgittu og föðurafa.



Sumarið er viðburðaríkt hjá knattspyrnukonunni **Katrínu Jónsdóttur**. Ekki einasta fer hún fyrir íslenska landsliðinu á Evrópumótinu í Finnlandi heldur ætlar hún líka að ganga í hjónaband um verslunarmannahelgina. Tilvonandi eiginmaður hennar er Þorvaldur Makan Sigbjörnsson knattspyrnumaður.



Tökum er nú lokið á gamanmyndinni Jóhannesi sem Laddi leikur aðalhlutverkið í. Vegfarendur um Reykjanesbraut urðu sannarlega varir við tökuliðið á föstudaginn var. Þá var hluta brautarinnar lokað um tíma þegar rúmlega 20 tonnum af vatni var sprautað yfir þau Ladda og **Unni Birnu Vilhjálmssdóttur**. Var þar verið að skjóta upphafsatriði myndarinnar, þegar hremmingar Jóhannesar byrja. Myndin verður frumskynd í haust.



- hdm

Smurþjónusta

Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1
Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva
Max1 verðdæmi á ódýrri smurþjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna:	9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna:	9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bıldshöfða 5a, Bıldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvog 2.
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5. Skoðuðu www.max1.is

Hrós frá kóngi söngleikjanna

„Hann líkti mér við Yvonne Elliman, sem söng lagið upphaflega. Hann sagði að ég minnti hann á hana og hljómaði eiginlega alveg eins og hún, sem mér fannst góðveikt,“ segir Katrín Ýr Óskarsdóttir söngkona um masterclass námskeið sem hún tók hjá Tim Rice, einum frægasta söngleikjahöfund allra tíma.
Katrín söng lagið I Don't Know How to Love Him, úr Jesus Christ Superstar sem Rice samdi ásamt Andrew Lloyd Webber. Hún segir söngleikinn í uppáhaldi. „Ég þurfti að sannfæra kennarann minn um að fá að syngja þetta lag, ekki eitthvað annað. Hann kom upp í skóla til að segja frá lífi sínu og hvernig hann hefði komist áfram í bransanum. Við vorum nokkur sem fengum að syngja fyrir hann og fá tilsógn frá honum. Hann er rosalega jarðbundinn miðað við hvað hann er frægur.“

Katrín Ýr stundar nám í Institute of Contemporary Music Performance og á ár eftir. Meðfram námi hefur hún kennt og sungið með ýmsum bændum, auk þess að gera eigin tónlist. „Það er búið að vera frekar mikið að gera í sumar. Ég er í einhverjum fimm eða sex hljómsveitum í augnablikinu, ég kvarta ekki.“ Áhugasamir Íslendingar í London geta kíkt á Katrínu á The Good Ship í Kilburn átjándan september.
Er stefnan sett á söngleikina? „Ég ætlaði í söngleikjanám, áður en ég fór í námið sem ég er í núna. Ég veit það ekki. Ég er búin að vera að vinna með stelpum sem hafa unnið mikið á West End. Ég hef verið að spjalla við þær og önnur ætlar að láta mig vita ef hún veit af einhverjum þrumum, þannig að það er aldrei að vita. Það væri ekkert leiðinlegt, þó ég sé meira í popp- og rokk-geiranum.“ -kbs



UPP MEÐ SÉR Katrín Ýr var ánægð með gagnrýni Tims Rice á söng hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brúðkaupsgjafir 2009

Life&List SMÁRALIND
S: 544-2140



GEORG JENSEN

Stærsta skálin Kr. 20.840.-
Mið Kr. 16.940.-
Minnst Kr. 9.100.-

KitchenAid

Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum með hverri hrærivél



Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

Saeco

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FALLEGAR KLUKKUR

TIL BRÚÐKAUPSGJAFNA FÁST Í MIKLU ÚRVALI Í SALTFÉLAGINU, HALLARMÚLA 4



Nextime Plug inn - svört
Nextime Plug inn - silfrúð
Cucù clock - gauksklukka

SALT FÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAST

Fáðu nánari upplýsingar í S: 540-2030 eða kaktu inn á www.saltfelagid.is

Tilvalin brúðargjöf



IKEA STOCKHOLM blómavasi 8.990,-
B20xL39, H20cm. Svart/hvitt

IKEA STOCKHOLM blómavasi 9.990,-
B13xL26, H62cm. Hvitt

Gjafakort

Er erfitt að velja gjöf?
Af hverju ekki að gefa gjafakort - upphæð að eigin vali!

IKEA
www.IKEA.is

SID DICKENS MEMORY BLOCKS




HEIMA HÚSIÐ mood heima

Opíð virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Rey., Sími 568 4242
www.heimahusid.is

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Úrval brúðkaupsgjafa



OPÍÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

epal

„FLOWERPOT“



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

Tilvalin brúðargjöf



HALLARYD mynd 19.990,-
Cordoba. B125xL97cm.

HALLARYD mynd 19.990,-
Hátíðarhöld. B108xL83cm.

Gjafakort

Er erfitt að velja gjöf?
Af hverju ekki að gefa gjafakort - upphæð að eigin vali!

IKEA
www.IKEA.is

Topp 10 brúðkaupsgjafirnar okkar



1. Kitchen Aid hrærivél
2. Sódavatnstæki
3. Eva Solo gjafavara
4. Eva Trio pottar og pönnur
5. iRobot ryksuguvélmenni
6. Hnífaparataka fyrir 12
7. Vöflujárn
8. Grilláhöld í tösku
9. Stálruslatunna 30ltr
10. Kökudiskur á fæti.

byggto og búið
www.byggto og buid.is | Kringlunni 568 9400

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

74%

34%

Hvar er þín auglýsing?

Meðalrestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Misheppnuð mannfræði- rannsókn

Líkt og íbúarnir í Zújar, þar sem ég dvel nú á Suður-Spáni, hef ég tekið upp þann ljóta sið að leggja mig eftir miðdegisverðinn. Verður þó stundum minna úr síestunni en ætlað var þar sem hljóð nokkurt er kemur frá götunni heldur fyrir mér vöku. Hljóð þetta líkist helst braki í rúmi og er alltaf í ákveðnum takti. Gefur það til kynna að ákveðin athöfn sé í gangi. Slíkt vekur sífellt spennu og nokkra skemmtan jafnvel meðal siðmenntuðustu manna. Sjaldan gefst tækifæri til að fylgjast með slíku vestur á fjörðum þar sem svefnherbergi eru kyrfilega lokuð.


ÞAR sem ég er nú með mannfræðimenntun fór ég ósjálfrátt að vinna úr þessum gögnum innra með mér sem bárust inn um gluggann. Niðurstöður þessarar mannfræðirannsóknar fóru svo að taka á sig ákveðna mynd. Hún var á þá leið að þorpsbúar kysu að njótast eftir miðdegisverð þegar hlýjast er í veðri. Þeir eru afskaplega taktfastir við bólfarirnar og einnig varir um sig því engar unaðsstunur berast út um gluggann; einungis brak í rúmunum sem eru örugglega ekki af nýjustu gerð.

Í síðustu viku ákvað ég svo að sleppa síestunni en fara frekar í göngutúr um þorpið. Þegar ég er að ganga í götunni minni sé ég konu nokkra léttklædda á veröndinni hjá sér. Hún var lagleg mjög en nokkuð farin að reskjast. Hún býður mér góðan dag og tókum við svo létt spjall saman. Eins og gefur að skilja var mannfræðirannsókn mín þó ekki þar til umræðu. „Það er svo notalegt að sitja hérna í skugganum á veröndinni á þessum tíma dags,“ segir hún. Hún er greinilega mikill fagurkeri því hún var umvafinn blómum og plöntum á veröndinni.

SÍÐAN er það svo ágætt að viðra fuglana aðeins á þessum tíma,“ segir hún og bendir á nokkur fuglabúr sem hanga fyrir aftan hana. Í einu þeirra var stór og stæðilegur páfagaður. Hljóðin sem upp úr honum komu voru afar furðuleg; þetta var hvorki tíst né kvak heldur var eins og að það brakaði í honum.

ÉG er ekkert að lýsa þessu hljóði nánar en mér varð dagsljóst þegar ég heyrði í þessu fuglakvikindi að mannfræðirannsóknin mín var alveg ónýtt.

Tempur – 15 ár á Íslandi



Árið 1200 FK



JÖRDIN

Árið 1000



HEY

Árið 1800



GORMAR

Árið 1900



SVAMPUR

Árið 1970



VATN

Árið 1980



LATEX

Árið 1993



TEMPUR®

Í dag



Afmælistilboð í júlí

Yfir 20.000 Íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 Íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

Stillanleg heilsurúm

25-30% afsláttur



Tempur heilsurúm

25% afsláttur



Tempur heilsukoddar

30% afsláttur



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 21. júlí 2009, 202. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.00	13.34	23.06
Akureyri	3.20	13.19	23.14

Heimild: Almanak Háskólans



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

